

| | | |
|-----------------------|--|----|
| I | EES-STOFNANIR | |
| 1. | EES-ráðið | |
| 2. | Sameiginlega EES-nefndin | |
| 2009/EES/54/01 | Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. febrúar 2007 um að taka frá númeraraðir fyrir hvert aðildarríki, sem byrja á „116“, í því skyni að hafa samræmd númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi (tilkynnt með númeri C(2007) 249) (2007/116/EB) | 1 |
| 2009/EES/54/02 | Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinnna réttinda hluthafa í skráðum félögum. | 5 |
| 2009/EES/54/03 | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/65/EB frá 27. júní 2008 um breytingu á tilskipun 91/439/EBE um ökuskírteini | 13 |
| 2009/EES/54/04 | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/15/EB frá 14. mars 2007 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 74/483/EB um útstæða hluta vélknúinna ökutækja í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum | 15 |
| 2009/EES/54/05 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 482/2008 frá 30. maí 2008 um kerfi til að tryggja öryggi hugbúnaðar, sem veitendur flugleiðsöguþjónustu munu taka í notkun, og um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005. | 18 |
| 2009/EES/54/06 | Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB frá 16. apríl 2008 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar viðmiðanir fyrir framkvæmd skoðana á hlaði á loftförum sem nota flugvelli Bandalagsins | 24 |
| 2009/EES/54/07 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 393/2008 frá 30. apríl 2008 um leyfi fyrir astaxantíndimetýldísúksínati sem aukefni í fóðri. | 34 |
| 2009/EES/54/08 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 505/2008 frá 6. júní 2008 um leyfi fyrir nýrri notkun 3-fýtasa (Natuphos) sem aukefnis í fóðri | 36 |
| 2009/EES/54/09 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 516/2008 frá 10. júní 2008 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1200/2005, (EB) nr. 184/2007, (EB) nr. 243/2007, (EB) nr. 1142/2007, (EB) nr. 1380/2007 og (EB) nr. 165/2008 því er varðar skilmála leyfa fyrir tilteknum aukefnum í fóðri | 39 |
| 2009/EES/54/10 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2008 frá 17. júní 2008 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999, (EB) nr. 2380/2001 og (EB) nr. 1289/2004 að því er varðar skilmála leyfa fyrir tilteknum aukefnum í fóðri | 41 |

| | | |
|-----------------------|---|----|
| 2009/EES/54/11 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/2008 frá 17. júní 2008 um leyfi fyrir 6-fýtasa (Quantum Phytase) sem aukefni í fæði | 43 |
| 2009/EES/54/12 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1056/2008 frá 27. október 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði | 46 |
| 2009/EES/54/13 | Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1057/2008 frá 27. október 2008 um breytingu á II. viðbæti við viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 varðandi lofthæfistaðfestingarvottorðið (EASA-eyðublað nr. 15a). | 71 |

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2009/EES/54/01

frá 15. febrúar 2007

um að taka frá númeraraðir fyrir hvert aðildarríki, sem byrja á „116“, í því skyni að hafa samræmd númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi (*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 249)

(2007/116/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og –þjónustu (rammatilskipun) ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Æskilegt er að ríkisborgarar aðildarríkjanna, þ.m.t. ferðamenn og fatlaðir notendur, geti haft samband við tilgreinda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi með því að nota sömu auðþekkjanlegu númerin í öllum aðildarríkjunum. Eins og sakir standa eru margvísleg númera- og valkerfi í aðildarríkjunum og ekkert sameiginlegt númerakerfi í notkun til þess að taka frá sömu símanúmerin fyrir slíka þjónustu innan Bandalagsins. Því er þörf á aðgerðum Bandalagsins í þessu skyni.

2) Samræming númera er nauðsynleg svo að notendur fái aðgang að þessari þjónustu í gegnum sama númer í mismunandi aðildarríkjum. Samsetningin „sama númer - sama þjónusta“ tryggir að tiltekin þjónusta tengist ætíð tilteknu númeri í Bandalaginu, án tillits til þess í hvaða aðildarríki þjónustan er veitt. Þannig fær þjónustan samevrópsk einkenni til hagræðis fyrir evrópska borgara sem munu þá vita að eitt númer veitir aðgang að sömu þjónustu í mismunandi aðildarríkjum. Þessi ráðstöfun mun stuðla að þróun samevrópskrar þjónustu.

3) Í því skyni að endurspegla félagslegt hlutverk þjónustunnar, sem um er að ræða, skulu samræmdu númerin vera frínúmer, sem þó merkir ekki að rekstraraðilum yrði skylt að bera kostnað af símtölum í 116-númer. Það að númerin eru frínúmer er því mikilvægur þáttur samræmingarinnar.

4) Til þess að tryggja að samræmdu númerin séu notuð fyrir þá tilteknu tegund þjónustu, sem fellur undir ákvörðunina, er nauðsynlegt að setja skilyrði sem eru nátengd eftirliti með tegund þjónustunnar.

5) Nauðsynlegt kann að reynast að setja sérstök skilyrði að því er varðar afnotaréttinn á tilgreindu samræmdu númeri, til dæmis að þjónustan, sem númerið tengist, skuli veitt allan sólarhringinn og alla daga vikunnar.

6) Í samræmi við rammatilskipunina bera stjórnvöld í hverju landi ábyrgð á stjórnun númeraskipulags landsins og eftirliti með úthlutun númera þess til tiltekinna fyrirtækja. Í samræmi við 6. gr. og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og –þjónustu (heimildartilskipun) ⁽²⁾ má binda notkun númera skilyrðum og heimilt er að beita refsingum ef skilyrðin eru ekki uppfyllt.

7) Skráin yfir tilgreind númer í númeraraðinni sem byrjar á „116“ skal uppfærð reglulega í samræmi við málsmeðferðina í 3. mgr. 22. gr. rammatilskipunarinnar. Aðildarríkin skulu veita upplýsingar um slík númer þannig að þær séu aðgengilegar öllum hagsmunaaðilum, t.d. á vefsíðum sínum.

8) Framkvæmdastjórnin mun, í ljósi fenginnar reynslu, láta endurskoða þessa ákvörðun eða gera frekari breytingar á henni á grundvelli skýrslna sem aðildarríkin senda henni, einkum hvort tiltekin þjónusta, sem númer er frátekið fyrir, hefur breiðst út um Evrópu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 49, 17.2.2007, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 11/2008 frá 1. febrúar 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 12.6.2008, bls. 18.

(1) Stjóð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar.

(2) Stjóð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.***Efni og gildissvið**

Númeraröðin, sem byrjar á „116“, skal vera frátekin í númeraskipulagi hvers lands um sig fyrir samræmd númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi.

Skrá yfir númerin í númeraröðinni og þá tegund þjónustu, sem hvert númer er frátekið fyrir, er að finna í viðaukanum.

*2. gr.***Samræmd þjónusta sem hefur samfélagslegt gildi**

„Samræmd þjónusta, sem hefur samfélagslegt gildi“, er þjónusta sem sama lýsing gildir um, einstaklingar geta náð sambandi við um frínúmer og kann að hafa gildi fyrir gesti frá öðrum löndum auk þess að mæta tiltekinni samfélagsþörf, einkum þjónusta sem stuðlar að velsæld eða öryggi borgaranna, eða tilteknum hópum þeirra, eða aðstoðar borgara sem eiga í erfiðleikum.

*3. gr.***Sérstök númer frátekin innan númeraraðarinnar „116“**

Aðildarríkin skulu sjá til þess:

- a) að númerin í viðaukanum séu aðeins notuð vegna þeirrar þjónustu sem þau hafa verið frátekin fyrir,
- b) að númer, sem eru í númeraröðinni „116“ en eru ekki tilgreind í viðaukanum, séu ekki notuð,
- c) að númerinu 116112 sé hvorki úthlutað né það notað vegna þjónustu.

*4. gr.***Skilyrði sem bundin eru rétti til afnota af samræmdum númerum**

Aðildarríkin skulu binda rétt til afnota af samræmdum númerum fyrir samræmda þjónustu, sem hefur samfélagslegt gildi, eftirfarandi skilyrðum:

- a) þjónustan veitir borgurum upplýsingar, aðstoðar þá og annast tilkynningar til þeirra, eða sambland af þessu,
- b) þjónustan er opin öllum borgurum án þess að gerð sé krafa um skráningu fyrir fram,
- c) engin tímamörk eru á þjónustunni,
- d) til að nota þjónustuna þarf hvorki að greiða fyrir hana fyrir fram né skuldbinda sig til að greiða fyrir hana,
- e) eftirfarandi er undanskilið þegar hringt er: auglýsingar, afþreying, markaðssetning og sölumennska, notkun símtalsins til þess að selja þjónustu síðar.

Einnig skulu aðildarríkin binda réttinn til að nota samræmd númer sérstökum skilyrðum, eins og tilgreint er í viðaukanum.

*5. gr.***Úthlutun samræmdra númera**

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá og með 31. ágúst 2007 geti þar til bært stjórnvald hvers lands um sig úthlutað númerunum sem um getur í viðaukanum.
2. Skráning tilgreinds númers og þeirrar samræmdu þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi og tengist númerinu felur ekki í sér að aðildarríkjunum sé skylt að sjá til þess að sú þjónusta sé veitt á yfirráðasvæðum þeirra.
3. Þegar númer hefur verið skráð í viðaukann skulu aðildarríkin skýra frá því á landsvísu að hið tilgreinda númer standi samræmdu þjónustunni, sem hefur samfélagslegt gildi og tengist númerinu, til boða og að leggja meg inn umsóknir um réttinn til að nota viðkomandi númer.
4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að haldin sé skrá yfir öll samræmd númer á yfirráðasvæði þeirra ásamt samræmdri þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi og tengist númerinu. Skráin skal vera aðgengileg almenningi og auðvelt að nálgast hana.

*6. gr.***Vöktun**

Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu reglulega um raunverulega notkun númeranna, sem skráð eru í viðaukann, og þjónustu tengda þeim sem veitt er á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna.

7. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Viviane REDING

framkvæmdastjóri.

VIDAUKI

Skrá yfir frátekin númer fyrir samræmda þjónustu sem hefur samfélagslegt gildi

| Númer | Tegund þjónustu sem númerið er frátekið fyrir | Sérstök skilyrði sem bundin eru rétti til afnota af númerinu |
|--------|---|--|
| 116000 | Ábendingalína vegna barna, sem er saknað | |

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2007/36/EB

2009/EES/54/02

frá 11. júlí 2007

um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,

aðalfundum með rafrænum hætti og tryggja að unnt sé að nýta atkvæðisrétt yfir landamæri.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 44. gr. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu sinni til ráðsins og Evrópuþingsins frá 21. maí 2003, sem ber yfirskriftina „Að færa félagarétt til nútímahorfs og bæta stjórnarhætti í fyrirtækjum í Evrópusambandinu — Áætlun um þróun“, benti framkvæmdastjórnin á að rétt væri að gera ráðstafanir um ný sérsniðin framtaksverkefni til að auka réttindi hluthafa í skráðum félögum og að brýn þörf væri á að leysa vandamál varðandi atkvæðagreiðslu yfir landamæri.
- 2) Í ályktun sinni frá 21. apríl 2004 ⁽³⁾ lýsti Evrópuþingið yfir stuðningi sínum við fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar um að efla réttindi hluthafa, einkum með því að útvíkka reglur um gagnsæi, atkvæðisrétt með umboði, möguleikann á að taka þátt í

- 3) Handhöfum hlutabréfa með atkvæðisrétti skal heimilt að nýta sér þessi réttindi því þau eru innifalin í verðinu sem greiða verður við kaup á bréfunum. Enn fremur er skilvirkt eftirlit hluthafa forsenda fyrir góðum stjórnarháttum fyrirtækja og því ber að greiða fyrir því og hvetja til þess. Til að svo megi verða er því er nauðsynlegt að samþykkja ráðstafanir til þess að samræma lög aðildarríkjanna. Hindranir, sem koma í veg fyrir að hluthafar greiði atkvæði, s.s. þegar nýting atkvæðisréttar fellur undir kvöð um bann við viðskiptum með hlutabréf í tiltekinn tíma fyrir aðalfund, skal afnema. Þessi tilskipun hefur þó ekki áhrif á gildandi löggjöf Bandalagsins um hlutdeildarskrirteini sem gefin eru út af fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu eða um hlutdeildarskrirteini sem eru keypt eða þeim ráðstafað í slíkum fyrirtækjum.

- 4) Núverandi löggjöf Bandalagsins er ekki fullnægjandi til að ná þessu markmiði. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréfa ⁽⁴⁾ er aðallega fjallað um þær upplýsingar sem útgefendur verða að veita markaðinum en ekki um það hvernig staðið skuli að sjálfri atkvæðagreiðslu hluthafa. Enn fremur er með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ⁽⁵⁾ lögð sú kvöð á útgefendur að tilteknar upplýsingar og skjöl, sem skipta máli, liggi frammi á aðalfundi en slíkar upplýsingar og skjöl skulu vera tiltæk í heimaríki útgefandans. Því ber að fastsetja lágmarkskröfur í því skyni að vernda fjárfesta og stuðla að því að hluthafar geti nýtt sér réttindin sem fylgja hlutabréfum með atkvæðisrétti á greiðan og skilvirkan hátt. Hvað önnur réttindi en atkvæðisrétt varðar er aðildarríkjunum heimilt að láta beitingu þessara lágmarksstaðla einnig taka til hlutabréfa án atkvæðisréttar ef slíkar kröfur gilda ekki þegar um þau.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 17. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2008 frá 25. apríl 2008 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 21.8.2008, bls. 33.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 42.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 15. febrúar 2007 (hefur ekki enn verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 12. júní 2007.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB C 104 E, 30.4.2004, bls. 714.

⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB (Stjtuð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

- 5) Umtalsverður hluti hlutabréfa í skráðum félögum er í eigu hluthafa sem ekki eru með fasta búsetu í því aðildarríki þar sem félagið hefur skráða skrifstofu sína. Hluthafar sem eru með fasta búsetu erlendis skulu geta nýtt sér réttindi sín í tengslum við aðalfund jafn auðveldlega og hluthafar sem eru með fasta búsetu í aðildarríkinu þar sem félagið hefur skráða skrifstofu. Til þess þarf að afnema núverandi hindranir á aðgangi þeirra hluthafa, sem hafa fasta búsetu erlendis, að upplýsingum sem skipta máli fyrir aðalfundinn og nýtingu atkvæðisréttar án þess að þeir séu sjálfir viðstaddir aðalfundinn. Þeir hluthafar með fasta búsetu, sem eru ekki eða geta ekki verið viðstaddir aðalfund, skulu einnig njóta góðs af afnámi þessara hindrana.
- 6) Hluthafar skulu geta greitt atkvæði á upplýstan hátt á eða fyrir aðalfund óháð því hvar þeir hafa fasta búsetu. Allir hluthafar skulu hafa nægilegan tíma til að skoða þau gögn sem á að leggja fram á aðalfundi og ákveða hvernig þeir vilja nýta atkvæðisrétt sinn. Í því skyni skal tilkynna aðalfund með nægum fyrirvara og hluthöfum látnar í té allar þær upplýsingar sem á að leggja fram á aðalfundinum. Nýta skal þá möguleika sem nútímataekni býður upp á svo að hægt sé að nálgast upplýsingar þegar í stað. Í þessari tilskipun er gert ráð fyrir að öll skráð félög hafi þegar vefsetur.
- 7) Meginreglan skal vera sú að hluthöfum gefist kostur á að setja mál á dagskrá aðalfundar og leggja fram drög að ályktunum fyrir dagskrárliði. Með fyrirvara um mismunandi tímaramma og aðferðir sem nú er stuðst við í Bandalaginu skal nýting þessara réttinda falla undir tvær grundvallarreglur, þ.e. að engin viðmiðunarmörk, sem krafa er gerð um vegna nýtingar þessara réttinda, skuli vera meira en 5% af hlutafé félagsins og að allir hluthafar skuli ávallt fá lokagerð dagskrárinnar með nægum fyrirvara til þess að undirbúa sig fyrir umræður og atkvæðagreiðslu fyrir hvern dagskrárlið.
- 8) Meginreglan skal vera sú að hverjum hluthafa gefist kostur á að leggja fram spurningar sem varða liði á dagskrá aðalfundar og fá svör við þeim en aðildarríkjunum er látið eftir að ákvarða reglur um hvernig og hvenær spurningar skulu lagðar fram og þeim svarað.
- 9) Engar lagalegar hindranir skulu koma í veg fyrir að félög geti boðið hluthöfum sínum að taka þátt í aðalfundi með rafrænum hætti. Atkvæðagreiðsla án þess að viðkomandi sé sjálfur á aðalfundi, hvort sem það er bréflega eða með rafrænum hætti, skal ekki vera háð öðrum takmörkunum en þeim sem nauðsynlegar eru til að sannprófa auðkenni og öryggi rafrænna samskipta. Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin samþykki reglur sem miða að því að tryggja að úrslit atkvæðagreiðslu endurspegli fyrirætlanir hluthafa undir öllum kringumstæðum, þ.m.t. reglur um aðstæður þar sem nýjar kringumstæður myndast eða koma í ljós eftir að hluthafi hefur greitt atkvæði bréflega eða með rafrænum hætti.
- 10) Góðir stjórnarhættir fyrirtækja krefjast þess að atkvæðagreiðsla með umboði (e. proxy) gangi vel og greiðlega fyrir sig. Því ber að afnema núverandi takmarkanir og hindranir sem gera atkvæðagreiðslu með umboði flókna og kostnaðarsama. En góðir stjórnarhættir fyrirtækja krefjast einnig fullnægjandi verndarráðstafana gegn hugsanlegri misnotkun á atkvæðagreiðslu með umboði. Umboðshafa skal því skylt að fylgja öllum fyrirmælum sem hann kann að hafa fengið frá hluthafa og aðildarríkjunum skal gert kleift að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að umboðshafi gæti ekki hagsmuna annarra en hluthafa, óháð því hvaða ástæður hafa leitt til hagsmunaaðreksstrana. Ráðstafanir gegn hugsanlegri misnotkun geta m.a. falist í fyrirkomulagi sem aðildarríkin kunna að koma á fót til þess að hafa eftirlit með starfsemi þeirra einstaklinga sem á virkan hátt safna umboðum eða sem í reynd hafa safnað meira en tilteknum fjölda umboða, einkum til að tryggja fullnægjandi áreiðanleika og gegnsæi. Hluthafar skulu hafa ótakmarkaðan rétt samkvæmt þessari tilskipun til þess að tilnefna slíka einstaklinga sem umboðshafa til þess að sækja aðalfund og greiða atkvæði í þeirra nafni. Þessi tilskipun hefur þó á engan hátt áhrif á reglur eða viðurlög sem aðildarríkin kunna að setja vegna slíkra einstaklinga þar sem atkvæði hefur verið greitt með sviksamlegri notkun á þeim umboðum sem hefur verið safnað. Enn fremur skuldbindur þessi tilskipun ekki á nokkurn hátt félög til að sannreyna að umboðshafar greiði atkvæði í samræmi við fyrirmæli hluthafa, sem hafa tilnefnt þá, um atkvæðagreiðslu.
- 11) Með þátttöku fjármálamilliliða er árangur af atkvæðagreiðslu samkvæmt fyrirmælum að miklu leyti kominn undir því hve skilvirk keðja milliliðanna er þar eð fjárfestar geta oft ekki nýtt sér atkvæðisréttinn, sem fylgir hlutabréfum þeirra, án samstarfs við alla milliliði í keðjunni sem hugsanlega hafa ekki efnahagslegra hagsmuna að gæta í hlutabréfunum. Til þess að auðvelda fjárfesti að nýta sér atkvæðisrétt sinn yfir landamæri er því mikilvægt að milliliðir liðki fyrir nýtingu atkvæðisréttar. Framkvæmdastjórnir skal taka þetta til frekari meðferðar með tilmælum í því skyni að tryggja að fjárfestar hafi aðgang að skilvirkri kosningaþjónustu og að atkvæðisréttur sé nýttur í samræmi við fyrirmæli þessara fjárfesta.
- 12) Ef tímasetning á upplýsingum til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar sem og til almenninga um þau atkvæði, sem greidd eru fyrir aðalfund með rafrænum hætti eða bréflega, skiptir miklu máli vegna stjórnarháttar fyrirtækja, geta aðildarríkin fastsett hana.

- 13) Ganga skal frá úrslitum atkvæðagreiðslu með aðferðum sem endurspeglar áform hluthafa með atkvæðagreiðslunni og skulu þau birt eftir aðalfund a.m.k. á vefsetri félagsins.
- 14) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að gera hluthöfum kleift að nýta réttindi sín með skilvirkum hætti alls staðar í Bandalaginu, á grundvelli núverandi löggjafar Bandalagsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa viðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 15) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ⁽¹⁾, eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun eru fastsettar kröfur í tengslum við nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa sem fylgja atkvæðisrétti í tengslum við aðalfund félaga sem hafa skráða skrifstofu í aðildarríki en hlutabréf þeirra eru skráð á skipulegan markað sem er staðsettur í eða starfræktur í aðildarríki.

2. Aðildarríki sem bært er til að setja reglur um málefni sem falla undir þessa tilskipun skal vera það aðildarríki þar sem félagið hefur skráða skrifstofu og tilvísanir til „gildandi laga“ eru tilvísanir til laga þess aðildarríkis.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að veita eftirfarandi gerðum félaga undanþágu frá þessari tilskipun:

- a) fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og

stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum ⁽²⁾,

- b) fyrirtækjum sem einungis hafa að markmiði sameiginlega fjárfestingu fjár sem almenningur hefur lagt fram, starfa á grundvelli meginreglunnar um áhættudreifingu en sækjast ekki eftir að ná lagalegum eða stjórnunarlegum yfirráðum yfir útgefendum undirliggjandi fjárfestinga sinna, að því tilskildu að lögbær yfirvöld hafi veitt þessum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu starfsleyfi, og þau heyri undir eftirlit þeirra og að þau annist vörsluþjónustu sem er jafngild þeirri sem um getur fyrir vörslufyrirtæki í tilskipun 85/611/EBE,

- c) samvinnufélögum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „skipulegur markaður“: markaður eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagæringa ⁽³⁾,
- b) „hluthafi“: einstaklingur eða lögaðili sem er viðurkenndur sem hluthafi samkvæmt gildandi lögum,
- c) „umboð“: heimild frá hluthafa til einstaklings eða lögaðila til þess að nýta sér einhver eða öll réttindi þessa hluthafa á aðalfundi í hans nafni.

3. gr.

Frekari ráðstafanir á landsvísi

Þessi tilskipun kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geti lagt frekari skyldur á félög eða að þau geri frekari ráðstafanir til þess að auðvelda hluthöfum að nýta sér þau réttindi sem um getur í þessari tilskipun.

II. KAFLI

AÐALFUNDIR HLUTHAFA

4. gr.

Jöfn meðferð hluthafa

Félagið skal tryggja jafna meðferð allra hluthafa sem hafa sömu stöðu að því er varðar þátttöku og nýtingu atkvæðisréttar á aðalfundi.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjóð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3.

⁽³⁾ Stjóð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

5. gr.

Upplýsingar fyrir aðalfund

1. Með fyrirvara um 4. mgr. 9. gr. og 4. mgr. 11. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð⁽¹⁾ skulu aðildarríkin sjá til þess að félag boði til aðalfundar á einhvern þann hátt sem tilgreindur er í 2. mgr. þessarar greinar eigi síðar en á 21. degi fyrir fundardag.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um það, ef félag gefur öllum hluthöfum sínum kost á að greiða atkvæði með rafrænum hætti, að aðalfundur hluthafa geti ákveðið að félagið boði til aðalfundar, sem er ekki árlegur aðalfundur, á einhvern þann hátt sem tilgreindur er í 2. mgr. þessarar greinar eigi síðar en 14 dögum fyrir fundinn. Þessi ákvörðun skal tekin með a.m.k. tveimur þriðju hlutum þeirra atkvæða sem fylgja hlutabréfunum eða skráðu eigin fé, sem farið er með atkvæði fyrir, og skal hún eigi gilda lengur en fram að næsta árlega aðalfundi.

Aðildarríkin þurfa ekki að beita lágmarkstímanum, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, fyrir aðra eða síðari boðun til aðalfundar þegar það er gert vegna þess að tilskilinn meirihluti fékkst ekki fyrir fundinn sem fyrst var boðað til, að því tilskildu að farið hafi verið að þessari grein í fyrsta fundarboðinu og að ekkert nýtt mál sé sett á dagskrá og að minnsta kosti tíu dagar líði milli lokaboðunar og dagsetningu aðalfundar.

2. Með fyrirvara um frekari kröfur um tilkynningu eða birtingu, sem þar til bært aðildarríki mælir fyrir um, eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr., skal gerð sú krafa að félagið gefi út fundarboðið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar á þann hátt að tryggður sé greiður aðgangur að því án mismununar. Aðildarríkið skal krefjast þess að félagið noti miðla sem unnt er að treysta með góðu móti að dreifi upplýsingum á skilvirkan hátt til almennings í Bandalaginu. Aðildarríkið má ekki gera það að skilyrði að einungis verði notaðir miðlar sem eru reknir af aðilum með staðfestu á yfirráðasvæði þess.

Aðildarríkin þurfa ekki að beita fyrstu undirgrein gagnvart félögum sem geta greint frá nöfnum og heimilisföngum hluthafa sinna í fyrirbyggjandi hluthafaskrá, að því tilskildu að félagið sé skuldbundið til þess að senda fundarboð til allra skráðra hluthafa sinna.

Í hvorugu tilvikinu er félaginu heimilt að krefja um greiðslu sérstaks kostnaðar fyrir að senda út fundarboð með tilskildum hætti.

3. Í fundarboðinu, sem um getur í 1. mgr., skal a.m.k. vera eftirfarandi:

a) nákvæmar upplýsingar um fundartíma og fundarstað og fyrirhuguð dagskrá aðalfundar,

b) skýr og greinargóð lýsing á þeim reglum sem hluthafar verða að fylgja til þess að fá að taka þátt í fundinum og greiða atkvæði á aðalfundi. Þetta tekur til upplýsinga um:

i. réttindi hluthafa samkvæmt 6. gr., að því marki sem hægt er að nýta þessi réttindi eftir að fundarboð hefur verið sent, og samkvæmt 9. gr. svo og þá fresti sem gefnir eru til að nýta þessi réttindi. Fundarboðunin getur takmarkast við það að kveða einungis á um fresti sem veittir eru til að nýta þessi réttindi, að því tilskildu að í henni sé greint frá því að nánari upplýsingar um þessi réttindi sé að finna á vefsetri félagsins,

ii. tilhögun atkvæðagreiðslu með umboði, einkum um eyðublöð sem á að nota við atkvæðagreiðslu með umboði og hvernig félagið er í stakk búið til að taka á móti rafrænum tilkynningum um tilnefningu á umboðshöfum og

iii. ef við á, hvernig staðið skuli að bréflægri eða rafrænni atkvæðagreiðslu,

c) ef við á, tilgreining á skráningardegi, eins og skilgreint er í 2. mgr. 7. gr., og útskýring á því að einungis þeir sem eru hluthafar á þeim degi skuli hafa rétt til þess að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði,

d) tilgreining á því hvar og hvernig hægt er að fá allan, óstyttna texta skjala og draga að ályktunum sem um getur í c- og d-lið í 4. mgr.,

e) tilgreining á veffangi vefsetursins þar sem upplýsingarnar, sem um getur í 4. mgr., verða tiltækar.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að félagið geri hluthöfum sínum, á samfelldu tímabili sem hefst eigi síðar en á 21. degi fyrir aðalfundardag, að meðtöldum aðalfundardegi, a.m.k. eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar á vefsetri sínu:

a) fundarboðið, sem um getur í 1. mgr.,

b) heildarfjölda hlutabréfa og atkvæða á þeim degi sem boðað er til fundar (þ.m.t. sérstakar heildartölur fyrir hvern flokk hlutabréfa þar sem hlutafjäreign félagsins er skipt í tvo eða fleiri flokka hlutabréfa),

c) skjölin sem leggja á fram á aðalfundi,

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12.

- d) drög að ályktun eða, ef ekki er lagt til að samþykkja ályktun, athugasemd frá þar til bærum aðila innan félagsins, sem tilnefna skal samkvæmt gildandi lögum fyrir hvern lið á fyrirhugaðri dagskrá aðalfundar. Auk þess skal setja drög að ályktunum frá hluthöfum á vefsetrið eins fljótt og auðið er eftir að félagið hefur fengið þau,
- e) ef við á, eyðublöð sem nota á til að greiða atkvæði með umboði og til að greiða atkvæði bréflega nema þessi eyðublöð séu send beint til hvers hluthafa.

Ef ekki er unnt að sækja eyðublöðin, sem um getur í e-lið, á Netið af tæknilegum ástæðum skal félagið greina frá því á vefsetri sínu hvernig hægt er að fá eyðublöðin á pappír. Í því tilviki er félaginu skylt að póstsenda eyðublöðin endurgjaldslaust til hvers hluthafa sem þess óskar.

Ef, samkvæmt 4. mgr. 9. gr. eða 4. mgr. 11. gr. tilskipunar 2004/25/EB, eða annarri undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, boðað er til aðalfundar eigi síðar en 21 degi fyrir fund, skal fresturinn sem tilgreindur er í þessari grein, stytur í samræmi við það.

6. gr.

Réttur til setja mál á dagskrá aðalfundar og til að leggja fram drög að ályktunum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hluthafar, hver fyrir sig eða sameiginlega:
- a) hafi rétt til þess að setja mál á dagskrá aðalfundar, að því tilskildu að hverju slíku máli fylgi rökstuðningur eða drög að ályktun til samþykktar á aðalfundinum og
- b) hafi rétt til að leggja fram drög að ályktunum vegna mála sem eru felld eða verða felld inn í dagskrá aðalfundar.

Aðildarríkin geta kveðið á um að einungis sé unnt að nýta réttindin, sem um getur í a-lið, í tengslum við árlegan aðalfund, að því tilskildu að hluthafar, hver fyrir sig eða sameiginlega, hafi rétt til að boða til aðalfundar eða gera kröfu um að félagið boði til aðalfundar, sem er ekki árlegur aðalfundur, með dagskrá sem tekur a.m.k. til allra þeirra mála sem þessir hluthafar óska eftir að fjallað verði um.

Aðildarríkin geta kveðið á um að þessi réttindi séu nýtt skriflega (send með pósti eða rafrænt).

2. Ef einhver þeirra réttinda sem eru tilgreind í 1. mgr. eru með fyrirvara um að viðkomandi hluthafi eða hluthafar eigi lágmarkshlutfélaginu skal þetta lágmark ekki fara yfir 5% af hlutfélaginu.

3. Hvert aðildarríki skal kveða á um einn frest, með tilliti til tiltekna dagafjölda fyrir aðalfund eða fundarboð, þar sem hluthöfum er heimilt að nýta sér réttinn sem um getur í a-lið 1. mgr. Á sama hátt getur hvert aðildarríki kveðið á um frest vegna nýtingar á réttinum sem um getur í b-lið 1. mgr.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess, ef nýting réttarins, sem um getur í a-lið 1. mgr., hefur í för með sér breytingu á dagskrá aðalfundar sem þegar hefur verið tilkynnt hluthöfum, að félagið skuli gera endurskoðaða dagskrá teltæka á sama hátt og fyrri dagskrá fyrir gildandi skráningardag, eins og skilgreint er í 2. mgr. 7. gr., eða ef enginn skráningardagur gildir, með nægum fyrirvara fyrir dagsetningu aðalfundar þannig að aðrir hluthafar geti tilnefnt umboðshafa, eða eftir atvikum, greitt atkvæði bréflega.

7. gr.

Kröfur vegna þátttöku og atkvæðagreiðslu á aðalfundi

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess:
- a) að réttindi hluthafa til að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði í tengslum við hvaða hlutabréf sín sem er séu ekki með fyrirvara um kröfur um að hlutabréfum hans sé komið fyrir í vörslu, þau séu flutt til eða skráð á neinn annan einstakling eða lögaðila fyrir aðalfund og
- b) að réttindi hluthafa til að selja eða flytja á annan hátt hlutabréf sín á tímabilinu frá skráningardegi, eins og hann er skilgreindur í 2. mgr., til aðalfundar, sem þessi dagur á við um, séu ekki háð neinum takmörkunum sem gilda ekki um þau á öðrum tíma.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að réttindi hluthafa til að taka þátt í aðalfundi og greiða atkvæði með tilliti til hlutabréfa sinna skuli ákvarðast með tilliti til hlutabréfanna í eigu þess hluthafa á tilteknum degi fyrir aðalfund (skráningardegi).

Aðildarríkin þurfa ekki að beita fyrstu undirgrein gagnvart þeim félögum sem geta greint frá nöfnum og heimilisföngum hluthafa sinna á grundvelli fyrirbyggjandi hluthafaskrár á þeim degi er aðalfundur fer fram.

3. Hvert aðildarríki skal tryggja að einn skráningardagur gildi um öll félög. Þó getur aðildarríki kveðið á um einn skráningardag fyrir félög sem hafa gefið út handhafahlutabréf og annan skráningardag fyrir félög sem hafa gefið út skráð hlutabréf, að því tilskildu að einn skráningardagur gildi um hvert félag sem hefur gefið út báðar gerðir hlutabréfa. Skráningardagurinn skal vera innan 30 daga tímabils fyrir aðalfundinn sem hann gildir um. Við framkvæmd á þessu ákvæði og 1. mgr. 5. gr. skal hvert aðildarríki tryggja það að minnst átta dagar líði milli síðasta heimilaðs dags fyrir boðun til aðalfundar og skráningardags. Við útreikning á fjölda daga skal ekki telja þessa tvo daga með. Við þær kringumstæður sem lýst er í þriðju undirgrein 1. mgr. 5. gr. geta aðildarríkin þó gert kröfu um að minnst sex dagar líði frá síðustu heimiluðu dagsetningu fyrir aðra aðalfundarboðun og síðari boðanir til skráningardags. Við útreikning á fjölda daga skal ekki telja þessa tvo daga með.

4. Ekki er hægt að gera aðrar kröfur um sönnun um stöðu sem hluthafi nema þær sem nauðsynlegar eru til að ganga úr skugga um auðkenni hluthafa og aðeins að því marki sem þær eru í réttu hlutfalli við það markmið.

8. gr.

Þátttaka í aðalfundi með rafrænum hætti

1. Aðildarríkin skulu heimila félögum að bjóða hluthöfum sínum hvers kyns leiðir til rafrænnar þátttöku í aðalfundi, einkum eina eða allar eftirfarandi leiða til þátttöku, þ.e.:

- a) rauntímaútsending frá aðalfundi,
 - b) rauntímasamskipti í báðar áttir sem gera hluthöfum kleift að ávarpa aðalfund úr fjarlægð,
 - c) fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, hvort heldur er fyrir eða meðan á aðalfundi stendur, án þess að þurfa að tilnefna umboðshafa sem sækir fundinn í eigin persónu.
2. Einungis er heimilt að binda notkun rafrænna miðla, sem gera hluthöfum kleift að taka þátt í aðalfundi, við kröfur og skilyrði, sem eru nauðsynleg til að tryggja auðkenningu hluthafa og öryggi rafrænna samskipta, og aðeins að því marki sem það er í réttu hlutfalli við þessi markmið.

Þetta er með fyrirvara um hvers kyns lagaákvæði sem aðildarríkin hafa samþykkt eða kunna að samþykkja að því er varðar ferli ákvarðanatöku innan félagsins vegna innleiðingar eða framkvæmdar á hvers kyns rafrænum þátttökuleiðum.

9. gr.

Réttur til að leggja fram spurningar

1. Hver hluthafi skal eiga rétt á að leggja fram spurningar varðandi mál á dagskrá aðalfundar. Félagið skal svara þeim spurningum sem hluthafar beina til þess.

2. Rétturinn til að leggja fram spurningar og skyldan til að svara þeim eru með fyrirvara um aðgerðir sem aðildarríkin kunna að grípa til eða gefa félögum kost á að gera til þess að tryggja auðkenningu á hluthöfum, gott fyrirkomulag aðalfunda og undirbúning þeirra svo og verndun trúnaðarupplýsinga og viðskiptahagsmuna félaga. Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa félögum að veita eitt heildarsvar við spurningum varðandi sama efni.

Aðildarríkin geta kveðið á um að svar teljist hafa verið veitt ef viðkomandi upplýsingar eru aðgengilegar á vefsetri félagsins í formi spurninga og svara.

10. gr.

Atkvæðagreiðsla með umboði

1. Hver hluthafi skal eiga rétt til þess að tilnefna hvaða einstakling eða lögaðila sem er sem umboðshafa til þess að mæta og greiða atkvæði á aðalfundi í sínu nafni. Umboðshafi skal hafa sömu réttindi til að taka til máls og leggja fram spurningar á aðalfundi og hluthafinn sem hann er í forsvari fyrir.

Að frátalinni þeirri kröfu að umboðshafi hafi gerhæfi skulu aðildarríkin afnema öll lagaákvæði sem takmarka eða heimila fyrirtækjum að takmarka möguleika einstaklinga til að vera tilnefndir sem umboðshafar.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka tilnefningu umboðshafa við einn fund eða þá fundi sem kunna að verða haldnir á tilteknu tímabili.

Með fyrirvara um 5. mgr. 13. gr. er aðildarríkjunum heimilt að takmarka þann fjölda einstaklinga sem hluthafar geta tilnefnt sem umboðshafa í tengslum við einn tiltekinn aðalfund. Eigi hluthafi hins vegar hlutabréf í félagi, sem eru á fleiri en einum verðbréfareikningi, kemur slík takmörkun ekki í veg fyrir að hluthafi geti tilnefnt sérstakan umboðshafa fyrir hlutabréf á hverjum verðbréfareikningi í tengslum við einn tiltekinn aðalfund. Þetta hefur ekki áhrif á ákvæði í gildandi lögum sem banna að atkvæði séu greidd með mismunandi hætti fyrir hlutabréf sem eru í eigu eins og sama hluthafa.

3. Fyrir utan þær takmarkanir, sem skýrt eru heimilaðar í 1. og 2. mgr., skulu aðildarríkin ekki takmarka eða leyfa félögum að takmarka nýtingu á réttindum hluthafa fyrir milligöngu umboðshafa í neinum öðrum tilgangi en þeim að taka á hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli umboðshafa og þess hluthafa sem umboðshafa er skylt að gæta hagsmuna fyrir og þá skal aðildarríki ekki gera aðrar kröfur en eftirfarandi:

- a) Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um að umboðshafi láti í té sérstakar upplýsingar sem kunna að skipta máli til að hluthafi geti metið hugsanlega hættu á því að umboðshafi kunni að gæta annarra hagsmuna en hagsmuna hluthafans,
- b) Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka eða útiloka að hluthafi nýti sér réttindi sín fyrir milligöngu umboðshafa án sérstakra fyrirmæla um atkvæðagreiðslu fyrir hverja ályktun sem umboðshafi á að greiða atkvæði um fyrir hönd hluthafans,
- c) Aðildarríkjunum er heimilt að takmarka eða útiloka framsal á umboði til annars aðila, en þetta á ekki að koma í veg fyrir að umboðshafi, sem er lögaðili, nýti sér þau réttindi sem honum hefur verið falið fyrir milligöngu einhvers úr félagsstjórn eða framkvæmdastjórn eða einhvers starfsmanna sinna.

Hagsmunaárekstrar í skilningi þessarar málsgreinar geta einkum orðið þegar umboðshafi:

- i. er ráðandi hluthafi í félaginu eða er önnur eining undir yfirráðum slíks hluthafa,
- ii. á sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn í félaginu eða er ráðandi hluthafi eða undireining eins og um getur í i. lið,
- iii. er starfsmaður eða endurskoðandi félagsins eða fyrir ráðandi hluthafa eða undireining eins og um getur í i. lið,
- iv. er tengdur fjölskylduböndum einstaklingi sem um getur í i.-iii. lið.

4. Umboðshafinn skal greiða atkvæði í samræmi við fyrirmælin frá hluthafanum sem tilnefnir hann.

Aðildarríkjum er heimilt að gera kröfu um að umboðshafar haldi skrá yfir fyrirmæli um atkvæðagreiðslu í tiltekinn lágmarkstíma og að þeir staðfesti, sé þess krafist, að fyrirmælunum um atkvæðagreiðslu hafa verið hlýtt.

5. Sem umboðsaðila er aðila heimilt að fara með umboð fleiri en eins hluthafa án þess að það takmarki fjölda þeirra hluthafa sem hann er í forsvari fyrir. Ef umboðshafi fer með umboð

fyrir marga hluthafa skulu gildandi lög gera honum kleift að greiða atkvæði á annan hátt fyrir tiltekinn hluthafa en hann greiðir fyrir annan hluthafa.

11. gr.

Formsatriði vegna tilnefningar á umboðshafa og tilkynningar þar að lútandi

1. Aðildarríkin skulu heimila hluthöfum að tilnefna umboðshafa með rafrænum hætti. Auk þess skulu aðildarríkin heimila félögum að samþykkja tilkynningu um tilnefningu með rafrænum hætti og tryggja að hvert félag bjóði hluthöfum sínum a.m.k. eina skilvirkra aðferð til að tilkynna með rafrænum hætti.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé hægt að tilnefna umboðshafa, og tilkynna félaginu um tilnefningu þeirra, nema skriflega. Að undanskilinni þessari formlegu grundvallarkröfu má tilnefning umboðshafa, tilkynning um tilnefningu til félagsins og útgáfa fyrirmæla til umboðshafa um atkvæðagreiðslu, ef um þau er að ræða, aðeins vera háð þeim formkröfum, sem nauðsynlegar eru til að tryggja auðkenningu hluthafa og umboðshafa, eða til að tryggja möguleika á að sannreyna efni fyrirmæla um atkvæðagreiðslu, eftir því sem við á, og aðeins að því marki sem þær eru í réttu hlutfalli við þessi markmið.

3. Ákvæði þessarar greinar gilda, að breyttu breytanda, um afturköllun á tilnefningu umboðshafa.

12. gr.

Bréfleg atkvæðagreiðsla

Aðildarríkin skulu heimila félögum að gefa hluthöfum sínum kost á að greiða atkvæði bréflaga fyrir aðalfund. Bréfleg atkvæðagreiðsla má aðeins vera háð þeim kröfum og takmörkunum sem eru nauðsynlegar til að tryggja auðkenningu hluthafa og aðeins að því marki sem þær eru í réttu hlutfalli við það markmið.

13. gr.

Afnám tiltekinna hindrana á skilvirkri nýtingu atkvæðisréttar

1. Þessi grein á við þegar einstaklingur eða lögaðili, sem er viðurkenndur sem hluthafi samkvæmt gildandi lögum, kemur fram í viðskiptum fyrir hönd annars einstaklings eða lögaðila (umbjóðanda).

2. Ef í gildandi lögum eru gerðar kröfur um opinbera birtingu sem forsendu þess að hluthafi, sem um getur í 1. mgr., geti nýtt sér atkvæðisrétt sinn, skulu slíkar kröfur ekki vera umfram það að taka saman skrá sem veitir félaginu upplýsingar um auðkenni hvers umbjóðanda og fjölda þeirra atkvæða sem hafa verið greidd fyrir hans hönd.

3. Ef í gildandi lögum eru gerðar formlegar kröfur um leyfi hluthafa, sem um getur í 1. mgr., til að nýta atkvæðisrétt, eða fyrirmæli um atkvæðagreiðslu, skulu slíkar formlegar kröfur ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er til að tryggja auðkenningu á umbjóðandanum eða möguleikann á að sannreyna efni fyrirmæla um atkvæðagreiðslu, eftir því sem við á, og skulu þær vera í réttu hlutfalli við þau markmið.

4. Hluthafa, sem um getur í 1. mgr., skal heimilt að greiða atkvæði sem fylgja sumum hlutabréfum öðruvísi en fyrir önnur hlutabréf.

5. Ef gildandi lög takmarka fjölda aðila, sem hluthafa er heimilt að tilnefna sem umboðshafa, í samræmi við 2. mgr. 10. gr., skal slík takmörkun ekki koma í veg fyrir að hluthafi, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, veiti hverjum umbjóðanda sínum umboð eða þeim þriðja aðila sem umbjóðandi hans tilnefnir.

14. gr.

Úrslit atkvæðagreiðslu

1. Fyrir hverja ályktun skal félagið greina a.m.k. frá fjölda hlutabréfa, sem greitt hafa gild atkvæði, hlutfall hlutafjár sem liggur að baki þessum atkvæðum, heildarfjöldi gildra atkvæða svo og fjölda atkvæða sem greidd hafa verið með og á móti hverri ályktun og, þar sem við á, fjölda þeirra sem sátu hjá.

Þó er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um eða heimila félögum að kveða á um, fari enginn hluthafi fram á að gerð sé full grein fyrir atkvæðagreiðslu, að nægilegt sé að greina frá úrslitum atkvæðagreiðslu að því marki sem þörf er á til að tryggja að meirihluti náist fyrir hverri ályktun.

2. Innan þess tíma sem tiltekinn er í gildandi lögum, sem skal ekki vera umfram 15 daga frá aðalfundi, skal félagið birta á vefsetri sínu úrslit atkvæðagreiðslu sem fengin eru í samræmi við 1. mgr.

3. Þessi grein er með fyrirvara um hvers kyns lagaákvæði sem aðildarríkin hafa samþykkt eða kunna að samþykkja að því er varðar tilskilin formsatriði til þess að ályktun geti talist gild eða varðandi það að lögleg úrslit atkvæðagreiðslu kunni að verða vefengd síðar.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Lögleiðing

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslu-fyrirmæli eigi síðar en 3. ágúst 2009 til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þrátt fyrir fyrstu málsgrein skulu þau aðildarríki þar sem 1. júlí 2006 voru í gildi innlend ákvæði, sem takmarka eða banna tilnefningu umboðshafa í því tilviki sem um getur í ii. lið annarrar undirgreinar 3. mgr. 10. gr., samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að 3. mgr. 10. gr. að því er varðar slíka takmörkun eða bann eigi síðar en 3. ágúst 2012.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um fjölda þeirra daga sem tilgreindir eru í 3. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. og allar síðari breytingar sem framkvæmdastjórnin skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

16. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

17. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 11. júlí 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. LOBO ANTUNES

forseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/65/EB

2009/EES/54/03

frá 27. júní 2008

um breytingu á tilskipun 91/439/EEB um ökuskírteini (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

I. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/439/EEB frá 29. júlí 1991 um ökuskírteini ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 7. gr. a,

Tilskipun 91/439/EEB er breytt sem hér segir:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að breyta skrá yfir táknþölur í I. viðauka og I. viðauka a við tilskipun 91/439/EEB.

1. Í 2. lið I. viðauka, varðandi blaðsíðu 4 í ökuskírteininu, og í 12. lið a-liðar í 2. lið I. viðauka a, varðandi blaðsíðu 2 í ökuskírteininu, komi eftirfarandi í stað textans fyrir táknþölu 10.02:

2) Breyta skal táknþölu 78, sem takmarkar réttindi til aksturs ökutækja í tilteknum ökuréttindaflokkum eingöngu við ökutæki með sjálfskiptingu, í ljósi framfara í vísindum og tækni á þessu sviði.

„10.02. Ökutæki án tengslisfetils (eða handfangs í flokkum A eða A1)“,

3) Laga þarf lágmarkskröfur vegna ökuþrófs, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 91/439/EEB, að breytingum á skilgreiningunni fyrir táknþölu 78.

2. Í 2. lið I. viðauka, varðandi blaðsíðu 4 í ökuskírteininu, og í 12. lið a-liðar í 2. lið I. viðauka a, varðandi blaðsíðu 2 í ökuskírteininu, komi eftirfarandi í stað textans fyrir táknþölu 78.:

4) Endurskoða skal lágmarkskröfur sem gilda í fræðilega prófinu og verklega prófinu sem mælt er fyrir um í II. viðauka tilskipunar 91/439/EEB þannig að prófkröfur samræmist kröfum daglegrar umferðar að því er varðar notkun ganga þannig að bæta megi umferðaröryggi á þessum tiltekna hluta vegagrunnvirkjanna.

„78. Takmarkast við ökutæki án tengslisfetils (eða handfangs í flokkum A eða A1)“,

5) Tímabilin, sem mælt er fyrir um í liðum 5.2 og 6.2.5 í II. viðauka við tilskipun 91/439/EEB, hafa reynst ófullnægjandi til viðunandi framkvæmdar á nauðsynlegum ráðstöfunum. Veita skal viðbótartímabil.

3. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirliður bætist við lið 2.1.3:

6) Því ber að breyta tilskipun 91/439/EEB til samræmis við þetta.

„—öruggur akstur í veggöngum“,

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um ökuskírteini.

b) í stað annarrar og þriðju málsgreinar í lið 5.1 komi eftirfarandi:

„Ef verklega prófið er tekið á ökutæki án tengslisfetils (eða handfangs í flokkum A og A1) skal það skráð í ökuskírteini sem eru gefin út á grundvelli slíks prófs. Skírteini með þessum upplýsingum gilda aðeins við akstur ökutækja án tengslisfetils (eða handfangs í flokkum A eða A1).“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 168, 28.6.2008, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2008 frá 5. desember 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5, 29.1.2009, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 24.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/103/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 344).

„Ökutæki með sjálfskiptingu“ merkir ökutæki án tengslisfetils (eða handfangs í flokkum A eða A1).“

- c) í stað síðustu málsgreinar í lið 5.2 komi eftirfarandi:

Heimilt er að nota áfram þau prófökutæki fyrir flokka B + E, C, C + E, C1, C1 + E, D, D + E, D1 og D1 + E sem samræmast ekki þeim lágmarksviðmiðunum sem að framan greinir og eru í notkun á þeim degi eða fyrir þann dag sem er tilgreindur í 3. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2008/65/EB (*), til 30. september 2013. Heimilt er að aðildarríki láti kröfurnar, sem varða farminn sem fluttur er með þessum ökutækjum, koma til framkvæmda fram til 30. september 2013.

(*) Stjtið. ESB L 168, 28.6.2008, bls. 36.“

- d) í annarri málsgrein í lið 6.2.5 komi „30. september 2008“ í stað „fimm árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi“.
- e) í liðum 6.3.8, 7.4.8 og 8.3.8 bætist „göng“ við sérstöku umferðarmannvirkin sem talin eru upp.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáráðslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en

30. september 2008. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/15/EB

2009/EES/54/04

frá 14. mars 2007

um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 74/483/EB um útstæða hluta vélknúinna ökutækja í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 4) Því ber að breyta tilskipun 74/483/EBE til samræmis við það.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót skv. 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 70/156/EBE.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽¹⁾, einkum öðrum undirlið 2. mgr. 13. gr.,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/483/EBE frá 17. september 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi útstæða hluta vélknúinna ökutækja ⁽²⁾, einkum 5. gr.,

1. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 74/483/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

- 1) Tilskipun 74/483/EBE er ein sértilskipananna innan ramma EB-gerðarviðurkenningaraðferðarinnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/156/EBE. Ákvæði tilskipunar 70/156/EBE um kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar ökutækja gilda því um tilskipun 74/483/EBE.

Frá og með 4. apríl 2009 skal aðildarríki, af ástæðum sem varða útstæða hluta, synja um EB-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis ef kröfurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 74/483/EBE, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun, eru ekki uppfylltar.

- 2) Í ljósi tækniframfara og til að tryggja gagnsæi tæknilegu krafanna er rétt að aðlaga kröfurnar að því er varðar stuðara á vélknúnum ökutækjum.

3. gr.

- 3) Í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 70/156/EBE er skrá yfir reglugerðir Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN/ECE) sem heimilt er að samþykka að komi í stað tilskipana um gerðarviðurkenningu. Því er nauðsynlegt að samræma kröfurnar í tilskipun 74/483/EBE og samsvarandi reglugerð Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 26 þegar I. viðauki tilskipunarinnar er lagaður að tækniframförum.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 4. apríl 2008. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 5. apríl 2008.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 75, 15.3.2007, bls. 21. Hinnar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2009 frá 5. febrúar 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16, 19.3.2009, bls. 6.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB (Stjóð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12).

⁽²⁾ Stjóð. EB L 266, 2.10.1974, bls. 4. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. mars 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN


varaforseti.

VIDAUKI

Í stað liðar 6.5.2. í I. viðauka við tilskipun 74/483/EBE komi eftirfarandi:

- „6.5.2. Ef lína stuðarans, að framan eða aftan, sem svarar til útlínu ökutækisins í lóðréttu ofanvarpi, liggur á stífu yfirborði skal flöturinn hafa krappageisla að lágmarki 5 mm í öllum punktum milli útlínunnar og lína, fyrir ofan og neðan útlínuna, sem eru dregnar milli punkta sem eru 20 mm fyrir innan og mældir eru hornrétt á útlínuna í hvaða punkti sem er. Á öllum öðrum svæðum stuðarans skal lágmarkskrappageisli flatar vera 2,5 mm.

Þetta ákvæði gildir um þann hluta stuðarans sem er milli snertipunkta útlínunnar við tvö lóðrétt plön sem hvort um sig myndar 15 gráðu horn við lóðrétt samhverfuplan ökutækisins (sjá mynd 1).



REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 482/2008**2009EES/54/05****frá 30. maí 2008****um kerfi til að tryggja öryggi hugbúnaðar, sem veitendur flugleiðsöguþjónustu munu taka í notkun, og um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustu-reglugerðin) ⁽¹⁾ einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 550/2004 ber framkvæmdastjórninni að tilgreina og samþykkja viðeigandi ákvæði reglufestra öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (ESARR), með tilliti til gildandi lögjafar Bandalagsins. Í reglufestum öryggiskröfum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 6 (ESARR 6) um hugbúnað kerfa innan rekstrarstjórnunar flugumferðar er að finna safn reglufestra öryggiskrafna að því er varðar að taka í notkun kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar.

2) Í síðasta málslíð 12. forsendu í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu ⁽²⁾ kemur fram að „viðeigandi ákvæði öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 1 (ESARR 1) um öryggiseftirlit innan rekstrarstjórnunar flugumferðar og öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu nr. 6 (ESARR 6) um hugbúnað kerfa innan rekstrarstjórnunar flugumferðar skulu skilgreind og samþykkt í sérgerðum Bandalagsins“.

3) Þess er krafist í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005 að veitendur flugleiðsöguþjónustu taki í notkun öryggisstjórnunarkerfi ásamt öryggiskröfum um áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu með tilliti til breytinga. Veitandi flugleiðsöguþjónustu skal, innan ramma öryggisstjórnunarkerfisins og sem hluta af aðgerðum vegna áhættumats og ráðstafana til að draga úr áhættu með tilliti til breytinga, skilgreina og taka í notkun kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar til að taka sérstaklega á þáttum sem tengjast hugbúnaði.

4) Meginmarkmið hugbúnaðaröryggis, sem þarf að uppfylla fyrir starfræn kerfi sem innihalda hugbúnað, er að

tryggja að dregið hafi verið úr áhættu, sem tengist notkun hugbúnaðar í kerfum evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (EATMN-hugbúnaður), þannig að hún sé ásættanleg.

5) Þessi reglugerð skal ekki taka til hernaðaraðgerða og herþjálfunarflugs, eins og um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) ⁽³⁾.

6) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um samevrópskt loftrými.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Efni og gildissvið**

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur um hvernig skuli skilgreina og taka í notkun kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar á vegum veitenda flugumferðarþjónustu (ATS), rekstrareininga sem annast flæðistjórnun flugumferðar (ATFM) og stjórnun loftrýma (ASM) fyrir almenna flugumferð og veitendur fjarskiptaþjónustu, leiðsöguþjónustu og kögunarþjónustu (CNS). Í henni eru tilgreind og samþykkt lögboðin ákvæði reglufestra öryggiskrafna Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu — ESARR 6 — með yfirskriftinni „Hugbúnaður kerfa innan rekstrarstjórnunar flugumferðar“, gefið út 6. nóvember 2003.

2. Þessi reglugerð skal gilda um nýjan hugbúnað og hvers konar breytingar á hugbúnaði fyrir kerfi fyrir flugumferðarþjónustu, stjórnun loftrýma, flæðistjórnun flugumferðar og fjarskiptaþjónustu, leiðsöguþjónustu og kögunarþjónustu. Hún gildir ekki um hugbúnað kerfishluta um borð í loftförum og búnað í geimnum.

*2. gr.***Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 141, 31.5.2008, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2009 frá 5. febrúar 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16, 19.3.2009, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 335, 21.12.2005, bls. 13. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1315/2007 (Stjtið. ESB L 291, 9.11.2007, bls. 16).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

Eftirfarandi skilgreiningar skulu jafnframt gilda:

1. „hugbúnaður“: tölvuforrit og samsvarandi samskipunargögn, að meðtöldum almennum hugbúnaði en að undanskildum rafeindahlutum, þ.e. sérhæfðar samrásir, forritanleg hliðafylki eða fastar tölvustýringar,
2. „samskipunargögn“: gögn sem samskipa hugbúnaðarkerfi fyrir tiltekið tilvik notkunar þess,
3. „almennur hugbúnaður“: hugbúnaður sem ekki er þróaður fyrir gildandi samning,
4. „fullvissa um öryggi“: allar skipulegar og kerfisbundnar aðgerðir, sem eru nauðsynlegar til að veita viðeigandi tiltrú, til að framleiðsluvara, þjónusta, stofnun eða fyrirtæki eða starfrænt kerfi uppfylli viðunandi eða þolanlegt öryggi,
5. „stofnun eða fyrirtæki“: annaðhvort veitandi flugumferðarþjónustu, fjarskiptaþjónustu, leiðsöguþjónustu og kögunarþjónustu eða rekstrareining sem annast flæðistjórnun flugumferðar eða stjórnun loftrýma,
6. „starfrænt kerfi“: sambland af kerfum, verklagi og mannauði sem er skipulagt til að annast verkefni í tengslum við rekstrarstjórnun flugumferðar,
7. „áhætta“: sambland af heildarlíkum eða tíðni skaðlegra áhrifa sem skapast af völdum hættu og alvarleika þessara áhrifa,
8. „hætta“: hvers konar skilyrði, atburðir eða aðstæður sem geta haft í för með sér slys,
9. „nýr hugbúnaður“: hugbúnaður sem hefur verið pantaður eða bindandi samningar hafa verið undirritaðir um eftir gildistöku þessarar reglugerðar,
10. „öryggismarkmið“: eigindleg eða meindleg yfirlýsing þar sem skilgreind er hámarkstíðni eða -líkur á því að hætta skapist,
11. „öryggiskrafa“: leið til að draga úr áhættu, skilgreind út frá aðferðum til að draga úr áhættu sem uppfylla tiltekið öryggismarkmið, þ.m.t. kröfur varðandi skipulag, rekstur, verklag, virkni, árangur og rekstrarsamhæfi eða umhverfiseiginleika,
12. „kerfaskipti eða gangþjál skipti“: þegar skipt er um kerfishluti eða hugbúnað í evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar á meðan kerfið er starfandi,
13. „krafa um öryggi hugbúnaðar“: lýsing á því sem hugbúnaðurinn á að skila miðað við flagsgögn og skorður og, ef kröfurnar eru uppfylltar skulu þær tryggja að hugbúnaður evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar starfi á öruggan hátt og í samræmi við rekstrarþarfir,
14. „hugbúnaður evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar“: hugbúnaður sem er notaður í kerfum evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem um getur í 1. gr.,
15. „gildi krafna“: staðfesting með könnun og framsetningu hlutlægra sannana á því að sérstakar kröfur, sem varða tiltekna notkun, séu eins og til er ætlast,
16. „uppfyllt með óháðri sannprófun“: sannprófunarferli að því er varðar hugbúnað sem einstaklingur eða einstaklingar sem ekki komu að þróun hlutarins sem verið er að sannprófa, framkvæma,
17. „bilun í hugbúnaði“: þegar forrit getur ekki framkvæmt tilskilda aðgerð rétt,
18. „galli í hugbúnaði“: þegar forrit getur ekki framkvæmt tilskilda aðgerð,
19. „hilluvarningur (COTS)“: hugbúnaður sem er seldur hjá söluaðilum í gegnum almenna vörulista og sem ekki er fyrirhugað að sérsníða eða auka við,
20. „hugbúnaðarþættir“: einingar sem hægt er að setja í eða tengja við aðrar endurnotanlegar hugbúnaðareiningar til að setja saman og búa til sérsniðinn hugbúnað,
21. „sjálfstæðir hugbúnaðarþættir“: hugbúnaðarþættir sem verða ekki óvirkir við sömu bilunarskilyrði og skapa hættuna,
22. „viðbragðstími hugbúnaðar“: tíminn sem er ætlaður fyrir hugbúnaðinn til að bregðast við tilteknum flagsgögnum eða reglubundnum tilvikum og/eða afköst hugbúnaðarins mældum í fjölda færslna eða boða sem afgreidd eru á hverri tímaeiningu,
23. „afkastageta hugbúnaðar“: geta hugbúnaðarins til að vinna úr tilteknu magni gagnafláðis,
24. „nákvæmni“: tilskilin nákvæmni reiknaðra niðurstaðna,
25. „tilfanganotkun hugbúnaðar“: magn tilfanga í tölvukerfinu sem hugbúnaðurinn getur notað,

26. „traustleiki hugbúnaðar“: viðbrögð hugbúnaðarins þegar um er að ræða óvænt ílagsgögn, bilanir í vélbúnaði og straumrof í tölvukerfunum sjálfum eða tengdum búnaði,

27. „yfirálagsþol“: viðbrögð kerfisins þegar, og einkum þol þess gagnvart því að, ílagsgögn berist hraðar en fyrirhugað er við venjulega notkun kerfisins,

28. „rétt og fullnægjandi sannprófun á hugbúnaði evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar“: allar kröfur um öryggi hugbúnaðar sem lýsa réttilega hvers er krafist af hugbúnaðarþættinum í áhættumati og ráðstöfunum til að draga úr áhættu og sem sýnt hefur verið fram á að framkvæmd þeirra sé á því stigi tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar sem krafist er,

29. „gögn á endingarskeiði hugbúnaðar“: gögn sem verða til á endingarskeiði hugbúnaðar til að áætla, stýra, útskýra, skilgreina, skrá eða sýna fram á aðgerðir. Þessi gögn gera ferla á endingarskeiði og samþykki á kerfi eða búnaði möguleg ásamt breytingum á hugbúnaðarvöru eftir að hún hefur verið samþykkt,

30. „endingarskeið hugbúnaðar“:

a) skipulagt safn ferla sem stofnun eða fyrirtæki telur viðunandi og fullnægjandi til að framleiða hugbúnaðarvöru,

b) tímabil sem hefst með því að ákveðið er að framleiða eða breyta hugbúnaðarvöru og lýkur þegar varan er tekin úr notkun,

31. „öryggiskrafa kerfis“: öryggiskrafa fyrir starfrænt kerfi.

3. gr.

Almennar öryggiskröfur

1. Hvenær sem stofnun eða fyrirtæki þarf að taka í notkun áhættumat og ráðstafanir til að draga úr áhættu í samræmi við gildandi lög Bandalagsins eða landslög skal það skilgreina og taka í notkun kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar til að taka sérstaklega á þáttum sem tengjast hugbúnaði evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar; þ.m.t. allar rekstrarbreytingar á hugbúnaði innan kerfis og einkum kerfaskipti eða gangþjál skipti,

2. Fyrirtæki eða stofnun skal tryggja, að lágmarki, að kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar skili gögnum og rökstuðningi sem sýna fram á eftirfarandi:

a) að í kröfum um öryggi hugbúnaðar komi réttilega fram hvers er krafist af hugbúnaðinum til þess að uppfylla öryggismarkmið og -kröfur eins og þær eru tilgreindar í áhættumati og ráðstöfunum til að draga úr áhættu,

b) að gert sé ráð fyrir rekjanleika í öllum kröfum um hugbúnaðaröryggi,

c) að það að taka hugbúnaðinn í notkun feli ekki í sér neinar aðgerðir sem hafa skaðleg áhrif á öryggi,

d) að hugbúnaður evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar uppfylli kröfur með áreiðanleikastigi sem samræmist mikilvægi hugbúnaðarins,

e) að lögð sé fram staðfesting þess efnis að almennu öryggiskröfurnar í a- til d-lið séu uppfylltar og að rökstuðningurinn, sem sýnir fram á að öryggi sem krafist er eigi ávallt rætur að rekja til:

i. þekktrar keyranlegrar útgáfu hugbúnaðarins,

ii. þekkts umfangs samskipunargagna

iii. þekkts mengis hugbúnaðarvara og lýsinga, þ.m.t. forskriftir, sem hafa verið notaðar við framleiðslu þeirrar útgáfu.

3. Fyrirtæki eða stofnun skal láta innlendum eftirlitsyfirlöndum í té sönnun þess efnis að kröfurnar, sem kveðið er á um í 2. mgr., hafi verið uppfylltar.

4. gr.

Kröfur sem gilda um kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar

Fyrirtæki eða stofnun skal tryggja, að lágmarki, að kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar:

1. sé skjalfest, einkum sem hluti af heildarskjalfestingu áhættumats og ráðstafana til að draga úr áhættu,

2. úthluti öllum starfrænum hugbúnaði fyrir evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar stigi tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar í samræmi við kröfurnar í I. viðauka,

3. feli í sér að tryggt sé:

a) að gildi krafna um hugbúnaðaröryggi sé í samræmi við kröfurnar í A-hluta II. viðauka,

b) að sannprófun hugbúnaðar sé í samræmi við kröfurnar í B-hluta II. viðauka,

- c) að stjórnun samskipunar hugbúnaðar sé í samræmi við kröfurnar í C-hluta II. viðauka,
- d) að rekjanleiki krafna um hugbúnaðaröryggi sé í samræmi við kröfurnar í D-hluta II. viðauka,
4. ákvarði hversu nákvæmlega trygging á fullvissu um öryggi, er sett fram. Skilgreina verður nákvæmni fyrir hvert stig tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar og auka hana eftir því sem mikilvægi hugbúnaðarins eykst, í því skyni:
- a) skal breytileiki í nákvæmni fyrir hvert stig tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar fela í sér eftirtalin viðmið:
- i. skal uppfyllt með óháðri sannprófun,
- ii. skal uppfyllt,
- iii. ekki krafist,
- b) skulu tryggingar sem samsvara hverju stigi tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar veita nægilega tiltrú að hægt sé að starfrækja hugbúnað evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar af þolanlegu öryggi,
5. nýti reynslu af hugbúnaði evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar til staðfestingar á því að kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar og úthlutun stiga tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar sé rétt. Í því skyni skal meta áhrif bilunar eða galla í hugbúnaði, sem tilkynnt er um í samræmi við viðkomandi kröfur um skýrslugjöf og mat á öryggisatvikum, í samanburði við áhrifin sem tilgreind eru fyrir viðkomandi kerfi í tengslum við alvarleikaflokkunina í lið 3.2.4 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005.

5. gr.

Kröfur sem gilda um breytingar á hugbúnaði og um tiltekinn hugbúnað

1. Að því er varðar hvers konar breytingar á hugbúnaði eða tilteknar gerðir hugbúnaðar, eins og hilluvarning, almennan hugbúnað eða hugbúnað, sem notaður hefur verið áður sem sumar kröfur í d- eða e-lið 2. mgr. 3. gr. eða 2., 3., 4. eða 5. mgr. 4. gr. gilda ekki um, skal fyrirtæki eða stofnun tryggja að kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar veiti, með öðrum aðferðum sem eru valdar og samþykktar í samráði við

innlend eftirlitsyfirvöld, sama áreiðanleikastig og viðkomandi stig tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar hvenær sem það er skilgreint.

Þessar leiðir skulu vera nógu áreiðanlegar til að hugbúnaðurinn uppfylli öryggismarkmið og -kröfur eins og þær eru tilgreindar í áhættumati og ráðstöfunum til að draga úr áhættu.

2. Við mat á leiðunum, sem um getur í 1. mgr., er innlenda eftirlitsyfirvaldinu heimilt að nota viðurkennda stofnun eða fyrirtæki eða tilkynntan aðila.

6. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2096/2005

Eftirfarandi þætti er bætt við í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005:

„3.2.5 5. þáttur

Kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar

Við starfrækslu öryggisstjórnunarkerfisins skal veitandi flugumferðarþjónustu taka í notkun kerfi til að tryggja fullvissu um öryggi hugbúnaðar í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 482/2008 frá 30. maí 2008 um kerfi til að tryggja öryggi hugbúnaðar, sem veitendur flugleiðsöguþjónustu munu taka í notkun, og um breytingu á II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005 (*).

(*) Stjtið. ESB L 141, 31.5.2008, bls. 5.“

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2009 fyrir nýjan hugbúnað fyrir kerfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem um getur í fyrstu undirgrein í 2. mgr. 1. gr.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2010 fyrir hvers konar breytingar á hugbúnaði fyrir kerfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 1. gr. og eru í notkun á þeim degi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. maí 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

framkvæmdastjóri.

*I. VIÐAUKI***Kröfur sem gilda um stig tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar sem um getur í 2. mgr. 4. gr.**

1. Stig tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar skal tengja nákvæmni hugbúnaðaröryggisins við mikilvægi hugbúnaðarins fyrir evrópska netið fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar með því að nota alvarleikaflokkunina í lið 3.2.4 í 4. þætti II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 2096/2005 ásamt líkunum á því að tiltekin skaðleg áhrif eigi sér stað. Skilgreina skal minnst fjögur stig tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar þar sem 1. stig tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar er mikilvægasta stigið.
2. Úthlutað stig tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar skal vera í réttu hlutfalli við alvarlegustu áhrif sem bilun eða galli í hugbúnaði getur haft eins og um getur í lið 3.2.4 í 4. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2096/2005. Það skal einkum taka tillit til áhættunnar sem tengist bilunum eða göllum í hugbúnaði og högunar- og/eða aðferðatengdum vörnum sem tilgreindar eru.
3. Hugbúnaðarþættir í evrópska netinu fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, sem ekki er hægt að sýna fram á að séu óháðir hver öðrum, skulu fá sama stig tryggingar fyrir fullvissu um öryggi hugbúnaðar og mikilvægustu þættirnir sem þeir eru háðir.

*II. VIÐAUKI***A-hluti: Kröfur um gildi krafna um hugbúnaðaröryggi sem um getur í a-lið 3. mgr. 4. gr.**

1. Í kröfum um hugbúnaðaröryggi skal tilgreina starfræn viðbrögð í nafnham og niðurfærðum ham hugbúnaðar evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, þ.e. viðbragðstími, afkastageta, nákvæmni, tilfanganotkun hugbúnaðar í markvélbúnaði, traustleiki við óeðlileg vinnsluskilyrði og yfirálagsþol, eins og við á.
2. Kröfur um hugbúnaðaröryggi skulu vera tæmandi og réttar og samræmast öryggiskröfum kerfisins.

B-hluti: Kröfur sem gilda um tryggingu á sannprófun hugbúnaðar sem um getur í b-lið 3. mgr. 4. gr.

1. Starfræn viðbrögð hugbúnaðar evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, þ.e. viðbragðstími, afkastageta, nákvæmni, tilfanganotkun hugbúnaðar í markvélbúnaði, traustleiki við óeðlileg vinnsluskilyrði og yfirálagsþol skal samræmast kröfum hugbúnaðarins.
2. Sannprófa skal hugbúnað evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar með greiningu og/eða prófunum og/eða jafngildum leiðum samkvæmt samþykki innlendra eftirlitsyfirvalda.
3. Sannprófun hugbúnaðar evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar skal vera rétt og tæmandi.

C-hluti: Kröfur sem gilda um stjórnun samskipunar hugbúnaðar sem um getur í c-lið 3. mgr. 4. gr.

1. Samskipunarkenni, rekjanleiki og stöðubókhald skal vera til staðar svo að hægt sé að sýna fram á að gögn frá endingarskeiði hugbúnaðar falli undir eftirlit með samskipun á endingarskeiði hugbúnaðar evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.
2. Skýrslugjöf um vandamál, eftirlit og aðgerðir til úrbóta skulu vera til staðar svo sýna megi fram á að dregið hafi verið úr öryggisvandamálum sem tengjast hugbúnaðinum.
3. Aðferðir við að endurheimta gögn og gera þau aðgengileg skulu vera til staðar svo hægt sé að endurgera og afhenda gögn á endingarskeiði hugbúnaðar evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar.

D-hluti: Kröfur sem gilda um fullvissu fyrir rekjanleika krafna um hugbúnaðaröryggi sem um getur í d-lið 3. mgr. 4. gr.

1. Rekja skal hverja öryggiskröfu hugbúnaðar til þess hönnunarstigs þar sem sýnt er fram á að hún sé uppfyllt.
 2. Rekja skal hverja öryggiskröfu hugbúnaðar til öryggiskröfu kerfis á hverju hönnunarstigi þar sem sýnt er fram á að hún sé uppfyllt.
-

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/49/EB

2009/EES/54/06

frá 16. apríl 2008

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar viðmiðanir fyrir framkvæmd skoðana á hlaði á loftförum sem nota flugvelli Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

loftfara sem nota flugvelli Bandalagsins og stjórnun upplýsingakerfisins ⁽²⁾.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB frá 21. apríl 2004 um öryggi loftfara frá þriðju löndum sem nota flugvelli Bandalagsins ⁽¹⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun 2004/36/EB er innleidd samhæfð nálgun á skilvirkri framkvæmd alþjóðlegra öryggisstaðla innan Bandalagsins með því að samræma reglur og verklagsreglur við skoðanir á hlaði á loftförum frá þriðja landi sem lenda á flugvöllum í aðildarríkjunum. Þar er kveðið á um að aðildarríkin skuli beita samræmdum verklagsreglum við skoðanir á hlaði á loftförum frá þriðja landi, sem lenda á einhverjum af þeim flugvöllum þess sem annast flugumferð milli landa og að þau taki þátt í að safna og skiptast á upplýsingum um þær skoðanir á hlaði sem eru framkvæmdar.
- 2) Aðildarríkin gætu að miklu leyti uppfyllt fyrirfram skyldur Bandalagsins, sem leiða af tilskipun 2004/36/EB, með því að taka þátt af frjálsum vilja í öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA), sem er áætlun sem Evrópusamband Flugmálastjórna (ECAC) hratt í framkvæmd árið 1996 og Flugöryggissamtökum Evrópu (JAA) hefur verið falið að stýra.
- 3) Frá og með 1. janúar 2007 hefur áætlun um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA-áætlunin) heyrð eingöngu undir valdsvið Bandalagsins og er núna stjórnað af framkvæmdastjórninni með aðstoð Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) eins og kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 768/2006 frá 19. maí 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar söfnun og skipti á upplýsingum um öryggi

- 4) Til viðbótar við SAFA-áætlunina skulu einnig koma viðeigandi ráðstafanir, sem miða að því að tryggja sameiginlega staðla um framkvæmd skoðana á hlaði, s.s. handbók um skoðanir á hlaði.

- 5) Í II. viðauka við tilskipun 2004/36/EB er einungis að finna mjög almennar viðmiðanir, þar eð á þeim tíma þegar hún var samþykkt birtu og uppfærðu Flugöryggissamtök Evrópu reglulega nákvæmar tæknilegar viðmiðunarreglur og verklagsreglur sem síðan voru teknar valfrjálst upp af þeim ríkjum sem eiga aðild að Evrópusambandi flugmálastjórna og taka þátt í SAFA-áætluninni.

- 6) Í ljósi flutnings SAFA-áætlunarinnar til Bandalagsins og aukins mikilvægis sem framkvæmdastjórnin hefur veitt niðurstöðum skoðana á hlaði, sem fara fram innan SAFA-áætlunarinnar, við að taka ákvarðanir um að færa flugrekendur í skrá yfir flugrekendur sem sæta flugrekstrarbanni, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB, er talið nauðsynlegt að tilgreina meginþætti handbókarinnar um framkvæmd skoðana á hlaði.

- 7) Meginþættir handbókarinnar mynda grundvallarstaðla fyrir skilvirka framkvæmd skoðana á hlaði og skulu, svo fljótt sem auðið er, verða hluti af II. viðauka við tilskipun 2004/36/EB þar sem settar eru verklagsreglur um framkvæmd skoðana á hlaði, einkum í kjölfar flutnings SAFA-áætlunarinnar undir valdsvið Bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2009 frá 5. febrúar 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 16, 19.3.2009, bls. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 76. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2111/2005 (Stjtið. ESB L 344, 27.12.2005, bls. 15).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 16.

- 8) Flugöryggisstofnun Evrópu lagði fram tillögu að breytingu á II. viðauka við tilskipun 2004/36/EB eins og kveðið er á um skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 768/2006.
- 9) Því ber að breyta tilskipun 2004/36/EB til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:*1. gr.***Breyting á tilskipun 2004/36/EB**

Í stað II. viðauka við tilskipun 2004/36/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

*2. gr.***Leiðbeiningar**

Þegar Flugöryggisstofnun Evrópu þróar leiðbeiningarnar, sem um getur í viðaukanum við þessa tilskipun og aðildarríkin eiga að beita, skal hún koma á fót gangsærri málsmeðferð til að hafa samráð við aðildarríkin og byggja á fyrirbyggjandi sérfræðipækkingu hjá flugmálafirvöldum aðildarríkjanna ásamt þátttöku viðkomandi sérfræðinga frá viðeigandi

hagsmunaaðilum, ef þörf krefur. Henni er heimilt í þessu skyni að stofna starfshóp.

*3. gr.***Lögleiðing**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög eða stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en sex mánuðum eftir að hún öðlast gildi. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

*4. gr.***Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi fyrsta daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjóð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

VIDAUKI

„II. VIDAUKI

**Handbók um verklagsreglur Bandalagsins fyrir skoðun á hlaði við öryggisskoðun erlendra loftfara
(SAFA-skoðanir) — meginþættir****1. ALMENN FYRIRMÆLI**

- 1.1. SAFA-skoðanir á hlaði skulu framkvæmdar af skoðunarmönnum sem búa yfir nauðsynlegri þekkingu sem hæfir því sviði skoðunar þar sem tækniþekking og þekking á lofthæfi og starfrækslu verður að vera fyrir hendi ef sannprófa á öll atriði á gátlistanum. Ef tveir eða fleiri skoðunarmenn framkvæma skoðun á hlaði er heimilt að skipta meginþáttum skoðunarinnar – sjónrænni skoðun á loftfarinu að utanverðu, skoðun á stjórnklefa og skoðun á farþegarými og/eða farmrými – á milli skoðunarmannanna.
- 1.2. Skoðunarmenn verða að gera grein fyrir sér gagnvart flugstjóra loftfarsins eða, ef hann er ekki á staðnum, gagnvart fluglíða eða háttsettasta fulltrúa flugrekandans áður en sá hluti skoðunarinnar sem fram fer um borð hefst. Ef ekki er mögulegt að tilkynna fulltrúa flugrekandans um skoðun eða ef enginn slíkur fulltrúi er í loftfarinu eða nálægt því skal meginreglan vera sú að framkvæma ekki SAFA-skoðun á hlaði. Við sérstakar aðstæður er heimilt að ákveða að framkvæma SAFA-skoðun á hlaði en hún skal takmarkast við sjónræna skoðun á loftfarinu að utanverðu.
- 1.3. Skoðunin skal vera eins yfirgripsmikil og mögulegt er innan þess tíma og miðað við þau úrræði sem eru fyrir hendi. Þetta þýðir að ef einungis takmarkaður tími og úrræði eru fyrir hendi er heimilt að sannprófa ekki öll skoðunatriðin heldur takmarkaðan fjölda þeirra. Í samræmi við fyrirliggjandi tíma og úrræði fyrir SAFA-skoðun á hlaði skulu atriðin, sem á að skoða, valin samkvæmt því og í samræmi við markmið SAFA-áætlunar Bandalagsins.
- 1.4. Skoðun á hlaði skal ekki valda því að brottför loftfars, sem er til skoðunar, tefjist óeðlilega. Hugsanlegar ástæður fyrir töfum kunna að vera en eru ekki takmarkaðar við vafa um að flugundirbúningur hafi verið réttur, um lofthæfi loftfarsins eða önnur atriði sem tengjast beint öryggi loftfarsins og þeirra sem í því eru.

2. RÉTTINDI OG HÆFI SKOÐUNARMANNA

- 2.1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að frá og með 1. janúar 2009 skuli allar SAFA-skoðanir á hlaði á yfirráðasvæði þeirra framkvæmdar af skoðunarmönnum sem hafa réttindi og hæfi.
- 2.2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að skoðunarmenn þeirra uppfylli viðmiðanirnar um réttindi og hæfi eins og kveðið er á um hér að neðan.
- 2.3. *Viðmiðanir um réttindi og hæfi*
- 2.3.1. *Hæfisviðmiðanir*

Forsenda fyrir því að teljast hæfur til að hljóta réttindi er sú að aðildarríkin sjái til þess að umsækjendur um réttindi sem SAFA-skoðunarmenn búi yfir nauðsynlegri flugtæknilegri menntun og/eða hagnýtri þekkingu á þessu sviði eða sviðum skoðunar, þ.e.:

- a) starfræksla loftfars,
- b) skírteini starfsfólks,
- c) lofthæfi loftfars,
- d) hættulegur varningur.

2.3.2. Þjálfunarkröfur

Áður en umsækjendur hljóta réttindi skulu þeir hafa lokið, með fullnægjandi árangri, þjálfun sem samanstendur af:

- fræðilegri kennslu sem SAFA-fyrirtæki, sem sér um þjálfun, veitir, eins og skilgreint er í lið 2.4,
- verklegri þjálfun sem SAFA-fyrirtæki, sem sér um þjálfun, veitir, eins og skilgreint er í lið 2.4 eða yfirskoðunarmaður, sem tilnefndur er af aðildarríki, veitir, eins og kveðið er á um í lið 2.5 og sem starfar óháður SAFA-fyrirtæki sem sér um þjálfun,
- þjálfun á vinnustað: sem yfirskoðunarmaður, sem tilnefndur er af aðildarríki, eins og kveðið er á um í lið 2.5, veitir í röð skoðana.

2.3.3. Kröfur um að viðhalda gildi réttinda og hæfis

Aðildarríkin skulu sjá til þess að þegar skoðunarmenn hafa hlotið réttindin viðhaldi þeir gildi réttinda sinna og hæfis:

- a) með því að gangast undir reglubundna þjálfun - sem skal samanstanda af fræðilegri kennslu sem SAFA-fyrirtæki, sem sér um þjálfun, veitir, eins og skilgreint er í lið 2.4,
- b) með því að framkvæma lágmarksfjölda skoðana á hlaði á hverju 12 mánaða tímabili frá því að þeir fengu síðast SAFA-þjálfun nema skoðunarmennirnir séu einnig með réttindi sem flugrekstrar- eða lofthæfisskoðunarmenn flugmálafyrivalda aðildarríkis og sjái reglulega um framkvæmd skoðana á loftföllum flugrekenda sinna.

2.3.4. Leiðbeiningar

Flugöryggisstofnun Evrópu skal þróa og birta, eigi síðar en 30. september 2008, ítarlegar leiðbeiningar til að aðstoða aðildarríkin við framkvæmd liða 2.3.1, 2.3.2 og 2.3.3.

2.4. SAFA-fyrirtæki sem sér um þjálfun

2.4.1. SAFA-fyrirtæki, sem sér um þjálfun, getur verið hluti af lögbæru yfirvaldi aðildarríkis eða fyrirtæki þriðja aðila.

Fyrirtæki þriðja aðila getur verið:

- hluti af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis,
- óháður aðili.

2.4.2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þjálfunarnámskeiðin sem um getur í lið 2.3.2 og a-lið liðar 2.3.3 og flugmálafyrirvöld þeirra annast, fari fram að lágmarki í samræmi við viðeigandi námsefni sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur útbúið og birt.

2.4.3. Aðildarríki sem ráða fyrirtæki þriðja aðila til þjálfunar í tengslum við öryggisskoðun erlendra loftfara skulu koma á kerfi til að meta slík fyrirtæki. Kerfið skal vera einfalt, gagnsætt og í réttu hlutfalli við viðfangsefnið og taka tillit til viðkomandi leiðbeininga sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur útbúið og birt. Slíkt kerfi getur tekið tilliti til mats sem önnur aðildarríki framkvæma.

2.4.4. Einungis er heimilt að nota þjálfunarfyrirtæki þriðja aðila ef matið sýnir að þjálfun verður veitt í samræmi við viðeigandi námsefni sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur útbúið og birt.

2.4.5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þjálfunaráætlunum lögbærra yfirvalda þeirra og/eða kerfum þeirra til að meta fyrirtæki þriðja aðila sem sjá um þjálfun sé breytt þannig að þau endurspegli öll tilmæli sem koma fram við stöðlunarúttektir sem framkvæmdar eru á vegum Flugöryggisstofnunar Evrópu í samræmi við starfsaðferðirnar sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 736/2006 ⁽¹⁾.

2.4.6. Aðildarríki er heimilt að óska eftir því að Flugöryggisstofnun Evrópu meti fyrirtækið sem sér um þjálfun og gefi út ráðleggingar sem aðildarríkið geti byggt sitt eigið mat á.

2.4.7. Flugöryggisstofnun Evrópu skal þróa og birta ítarlegar leiðbeiningar til að aðstoða aðildarríkin við framkvæmd þessa liðar eigi síðar en 30. september 2008.

2.5. Yfirskoðunarmenn

2.5.1. Aðildarríki er heimilt að tilnefna yfirskoðunarmenn, að því tilskildu að þeir uppfylli viðkomandi viðmiðanir um réttindi og hæfi sem það aðildarríki setur.

2.5.2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að viðmiðanirnar, sem um getur í lið 2.5.1, feli a.m.k. í sér eftirfarandi kröfur þar sem hinn tilnefndi:

- hafi verið með réttindi sem SAFA-skoðunarmaður á þriggja ára tímabili áður en hann var tilnefndur,
- hafi framkvæmt a.m.k. 36 SAFA-skoðanir á þriggja ára tímabilinu áður en hann var tilnefndur.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 129, 17.5.2006, bls. 10.

2.5.3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að verkleg þjálfun og/eða þjálfun á vinnustað, sem yfirskoðunarmenn þeirra veita, sé byggð á viðkomandi námsefni sem Flugöryggisstofnun Evrópu hefur útbúið og birt.

2.5.4. Aðildarríkjum er einnig heimilt að fela yfirskoðunarmönnum sínum að veita starfsmönnum frá öðrum aðildarríkjum verklega þjálfun og/eða þjálfun á vinnustað.

Flugöryggisstofnun Evrópu skal þróa og birta ítarlegar leiðbeiningar til að aðstoða aðildarríkin við framkvæmd þessa liðar eigi síðar en 30. september 2008

2.6. Aðlögunarráðstafanir

2.6.1. SAFA-skoðunarmenn, sem uppfylla hæfisviðmiðanirnar sem um getur í lið 2.3.1 sem og viðmiðanir um nýlega reynslu sem um getur í b-lið liðar 2.3.3 þann dag sem ákveðinn er skv. 3. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB, skulu teljast hæfir sem skoðunarmenn í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla.

2.6.2. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar liðar 2.3.3 skulu skoðunarmenn, sem teljast hæfir í samræmi við lið 2.6.1, fá reglubundna þjálfun, sem SAFA fyrirtæki sem veitir þjálfun veitir að staðaldri, eigi síðar en 1. júlí 2010 og eftir það eins og kveðið er á um í a-lið liðar 2.3.3.

3. STAÐLAR

3.1. Staðlar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og svæðisbundnar viðbótarverklagsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Evrópu eru sú grunnviðmiðun sem notuð er við skoðun á flugrekanda og loftfari innan SAFA-áætlunar Bandalagsins. Þegar tæknilegt ástand loftfars er skoðað skal auk þess athuga það í samanburði við staðla framleiðanda loftfarsins.

4. SKOÐUNARFERLI

Atriði á gátlista

4.1. Atriðin, sem á að skoða, verða valin úr þeim sem tilgreind eru á gátlistanum í SAFA-skýrslunni um skoðun á hlaði sem inniheldur í heild 54 atriði (sjá 1. fylgiskjal).

4.2. Skoðunin og niðurstöður hennar, ef einhverjar eru, verða að endurspeglast í SAFA-skýrslunni um skoðun á hlaði að skoðun lokinni.

Nákvæmar leiðbeiningar um öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA)

4.3. Fyrir hvert skoðunatriði á gátlistanum í SAFA-skýrslunni um skoðun á hlaði verður útbúin nákvæm lýsing þar sem tilgreint er umfang og aðferð skoðunarinnar. Auk þess verður vísað í viðeigandi kröfur í ICAO-viðaukunum. Þetta verður þróað og birt sem nákvæmar leiðbeiningar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu og breytt, eftir því sem nauðsynlegt er, til að endurspegla nýjustu, gildandi staðla.

Skráning skýrslna í miðlægan SAFA-gagnagrunn

4.4. Skýrsla um skoðunina skal færð inn í miðlægan SAFA-gagnagrunn, eins fljótt og mögulegt er og eigi síðar en 15 vinnudögum eftir skoðunardaginn, jafnvel þótt ekki hafi verið bent á neinar niðurstöður.

5. FLOKKUN Á NIÐURSTÖÐUM

5.1. Fyrir hvert skoðunatriði eru skilgreindir þrír flokkar mögulegra frávika frá viðeigandi stöðlum, sem settir eru samkvæmt lið 3.1, sem niðurstöður. Slíkar niðurstöður verða flokkaðar á eftirfarandi hátt:

— niðurstaða í 1. flokki telst hafa minni háttar áhrif á öryggi,

— niðurstaða í 2. flokki kann að hafa veruleg áhrif á öryggi og

— niðurstaða í 3. flokki kann að hafa stórvægileg áhrif á öryggi.

5.2. Fyrirmæli um flokkun niðurstaðna verða þróuð og birt sem nákvæmar leiðbeiningar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu og breytt, eftir því sem nauðsynlegt er, til að endurspegla viðeigandi framfarir á sviði vísinda og tækni.

6. EFTIRFYLGNIADGERÐIR SEM GRÍPA SKAL TIL

6.1. Með fyrirvara um lið 1.2 skal staðfesting á skoðun, sem felur a.m.k. í sér þau atriði sem sett eru fram í 2. viðbæti, fyllt út og afrit afhent flugstjóra loftfarsins eða, ef hann er ekki á staðnum, flugliða eða háttsettasta fulltrúa flugrekandans, sem er staðsettur í eða við loftfarið, að SAFA-skoðun lokinni. Óska skal eftir undirritaðri viðurkenningu á móttöku staðfestingar á skoðun frá viðtakanda sem skoðunarmaður heldur eftir. Ef viðtakandi neitar að undirrita skal skrá það í skjalið. Viðeigandi, nákvæm fyrirmæli verða þróuð og birt sem nákvæmar leiðbeiningar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu.

6.2. Á grundvelli þess hvernig niðurstöður hafa verið flokkaðar hafa tilteknar eftirfylgniaðgerðir verið skilgreindar. Tengslin milli flokks niðurstaðna og aðgerðanna, sem á að grípa til, er að finna í aðgerðarflokkunum og verða þróuð og birt sem nákvæmar leiðbeiningar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu.

6.3. Aðgerð skv. 1. flokki: Þessi aðgerð felur í sér að veita flugstjóra loftfarsins eða, ef hann er ekki á staðnum, öðrum flugliða eða háttsettasta fulltrúa flugrekandans, sem er á staðnum, upplýsingar um niðurstöður SAFA-skoðunar á hlaði. Þessi aðgerð felur í sér munnlega tilkynningu og afhendingu á staðfestingu á skoðun. Grípa skal til aðgerðar skv. 1. flokki eftir hverja skoðun, án tillits til þess hvort niðurstöður hafi fengist eða ekki.

6.4. Aðgerð skv. 2. flokki: Þessi aðgerð felur í sér:

- 1) skriflega orðsendingu til hlutaðeigandi flugrekanda þar sem fram kemur ósk um sönnun um aðgerðir til úrbóta, sem teknar hafa verið, og
- 2) skriflega orðsendingu til ríkisins sem ber ábyrgð (ríki flugrekanda og/eða skráningarríki) sem fjallar um niðurstöður skoðana sem framkvæmdar voru á loftförum sem starfrækt voru undir öryggiseftirliti viðkomandi ríkis. Í orðsendingunni skal, eftir því sem við á, vera að finna beiðni um staðfestingu á því að þau séu ánægð með aðgerðir til úrbóta sem gripið var til skv. 1. lið.

Aðildarríkin skulu láta Flugöryggisstofnun Evrópu í té mánaðarlega skýrslu um stöðu eftirfylgniaðgerðar sem þau hafa gripið til í kjölfar skoðana á hlaði.

Grípa skal til aðgerða skv. 2. flokki að skoðunum loknum þar sem niðurstöður í 2. eða 3. flokki hafa komið fram.

Viðeigandi, nákvæm fyrirmæli verða þróuð og birt sem nákvæmar leiðbeiningar af hálfu Flugöryggisstofnunar Evrópu.

6.5. Aðgerðir skv. 3. flokki: Grípa skal til aðgerða skv. 3. flokki að skoðun lokinni þar sem niðurstöður í 3. flokki hafa komið fram. Sökum þess hversu mikilvægar niðurstöður í 3. flokki eru, með tilliti til mögulegra áhrifa þeirra á öryggi loftfarsins og þeirra sem í því eru, hafa eftirfarandi undirflokkar verið skilgreindir:

- 1) Flokkur 3a — Takmörkun á starfrækslu loftfars: Lögbæra yfirvaldið, sem framkvæmir skoðanir á hlaði, kemst að þeirri niðurstöðu að í kjölfar þeirra frávika sem fundust í skoðuninni megi loftfarið einungis fljúga brott með tilteknum takmörkunum.
- 2) Flokkur 3b — Aðgerðir til úrbóta áður en brottför flugs er leyfð: Við skoðun á hlaði fundust frávik sem krefjast aðgerða til úrbóta áður en fyrirhugað flug má eiga sér stað.
- 3) Flokkur 3c — Loftfar sett í flugbann af hálfu flugmálayfirvalda aðildarríkisins sem annast skoðunina: Loftfar er sett í flugbann í því tilviki þegar lögbært yfirvald, sem annast skoðun á hlaði, hefur sannreynt niðurstöðurnar sem komu í ljós í 3. flokki en er ekki sannfært um að flugrekandinn muni gera aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á annmörkum fyrir brottför flugsins og muni þar með stofna öryggi loftfarsins, og þeirra sem í því eru, í bráða hættu. Í slíkum tilvikum skulu flugmálayfirvöld aðildarríkisins, sem annast skoðun á hlaði, setja loftfarið í flugbann þar til hættan er yfirstaðin og skulu án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum um viðkomandi flugrekanda og skráningarríki loftfarsins.

Aðgerðir, sem gripið er til skv. 2. og 3. lið, geta einnig tekið til óarðbærs staðsetningarflugs til viðhaldsstöðvar.

- 4) Flokkur 3d — Tafariлаust flugrekstrarbann: Aðildarríki er heimilt að bregðast við bráðri og augljósri hættu með því að setja á flugrekstrarbann eins og kveðið er á um í gildandi landslögum og lögum Bandalagsins.

1. viðbætur

SAFA-skýrsla um skoðun á hlaði



Flugmálayfirvöld aðildarríkis (heiti)

(Ríki)

Öryggisskoðun erlendra loftfara (SAFA)

Skýrsla um skoðun á hlaði

Nr. ____-____-____-____-____-____

| | | | |
|---|----------------|-----------------------------|-------|
| Heimild: | Skoðun á hlaði | | |
| Dagsetning: | ____.____.____ | Staður: | _____ |
| Staðartími: | ____.____ | | |
| Flugrekandi: | _____ | Númer flugrekandaskírteinis | _____ |
| Ríki: | _____ | Tegund starfrækslu: | _____ |
| Flugleið frá: | _____ | Flugnúmer: | _____ |
| Flugleið til: | _____ | Flugnúmer: | _____ |
| Leigt af flugrekanda*: | _____ | Ríki leigutaka*: | _____ |
| *(þar sem við á) | | | |
| Tegund loftfars: : | _____ | Skrásetningarmerki: | _____ |
| Útfærsla loftfars: | _____ | Smiðanúmer: | _____ |
| Flugáhöfn: Ríki sem gefur út skírteini: | _____ | | |
| annað ríki sem gefur út skírteini*: | _____ | | |
| *(þar sem við á) | | | |

Niðurstöður:

Kóði/staðall/tilvísun/flokkur/niðurstaða

Nákvæm lýsing:

| | |
|-------------------------------|-------|
| ____-____-____-____-____-____ | |
| ____-____-____-____-____-____ | |
| ____-____-____-____-____-____ | |
| ____-____-____-____-____-____ | |
| ____-____-____-____-____-____ | |

Flokkar aðgerða sem gripið er til:

Nákvæm lýsing:

3d — Tafarlaust flugrekstrarbann

3c Loftfar sett í flugbann af hálfu flugmálayfirvalda aðildarríkisins sem annast skoðunina

3b Aðgerðir til úrbóta áður en brottför flugs er leyfð:

3a Takmörkun á starfrækslu loftfars:

2 Upplýsingar fyrir flugmálayfirvöld og flugrekanda

1 Upplýsingar fyrir flugstjóra

Viðbótarupplýsingar (ef einhverjar eru)

Nöfn eða númer skoðunarmanna:

— Í þessari skýrslu er tilgreint það sem í ljós kom við skoðunina og skal það ekki túlkað sem staðfesting á því að loftfarið sé hæft fyrir fyrirhugað flug.

— Gögn, sem lögð eru fram í þessari skýrslu, geta breyst vegna lagfæringar á orðalagi þegar þau eru færð inn í SAFA-gagnagrunninn.

Flugmálayfirvöld aðildarríkis (heiti)

(Ríki)

| Kóði atriðis | Skoðað | Athugasemd |
|---|-------------------------|-------------------------|
| A. Stjórnklefi | | |
| Almennt | | |
| 1. Almennt ástand | 1 <input type="text"/> | 1 <input type="text"/> |
| 2. Neyðarútgangur | 2 <input type="text"/> | 2 <input type="text"/> |
| 3. Búnaður | 3 <input type="text"/> | 3 <input type="text"/> |
| Skjöl | | |
| 4. Handbækur | 4 <input type="text"/> | 4 <input type="text"/> |
| 5. Gátlistar | 5 <input type="text"/> | 5 <input type="text"/> |
| 6. Kort yfir fjarleiðsögu | 6 <input type="text"/> | 6 <input type="text"/> |
| 7. Listi yfir lágmarksbúnað | 7 <input type="text"/> | 7 <input type="text"/> |
| 8. Skráningarfóttorð | 8 <input type="text"/> | 8 <input type="text"/> |
| 9. Hljóðstígsfóttorð (ef við á) | 9 <input type="text"/> | 9 <input type="text"/> |
| 10. Flugrekandaskírteini eða sambærilegt | 10 <input type="text"/> | 10 <input type="text"/> |
| 11. Talstöðvaskírteini | 11 <input type="text"/> | 11 <input type="text"/> |
| 12. Lofthæfivóttorð | 12 <input type="text"/> | 12 <input type="text"/> |
| Fluggögn | | |
| 13. Undirbúningur flugs | 13 <input type="text"/> | 13 <input type="text"/> |
| 14. Hleðslu- og jafnvægisráð | 14 <input type="text"/> | 14 <input type="text"/> |
| Öryggisbúnaður | | |
| 15. Handslökkvitæki | 15 <input type="text"/> | 15 <input type="text"/> |
| 16. Björgunarvesti/flotbúnaður | 16 <input type="text"/> | 16 <input type="text"/> |
| 17. Tygi | 17 <input type="text"/> | 17 <input type="text"/> |
| 18. Súrefnistæki | 18 <input type="text"/> | 18 <input type="text"/> |
| 19. Vasaljós | 19 <input type="text"/> | 19 <input type="text"/> |
| Flugáhöfn | | |
| 20. Flugliðaskírteini | 20 <input type="text"/> | 20 <input type="text"/> |
| Leiðarflugbók/tækniflugbók eða sambærilegt | | |
| 21. Leiðarflugbók eða sambærilegt | 21 <input type="text"/> | 21 <input type="text"/> |
| 22. Viðhaldsvóttorð | 22 <input type="text"/> | 22 <input type="text"/> |
| 23. Tilkyrning og viðgerð bilana (þ.m.t. tækniflugbók) | 23 <input type="text"/> | 23 <input type="text"/> |
| 24. Fyrirflugsskoðun | 24 <input type="text"/> | 24 <input type="text"/> |
| B. Öryggi/farþegarymi | | |
| 1. Almennt innra ástand | 1 <input type="text"/> | 1 <input type="text"/> |
| 2. Sæti öryggis- og þjónustuliða og hvíldarsvæði áhafnar | 2 <input type="text"/> | 2 <input type="text"/> |
| 3. Sjúkrakassi/læknataska | 3 <input type="text"/> | 3 <input type="text"/> |
| 4. Handslökkvitæki | 4 <input type="text"/> | 4 <input type="text"/> |
| 5. Björgunarvesti/flotbúnaður | 5 <input type="text"/> | 5 <input type="text"/> |
| 6. Öryggisbelti og ástand sæta | 6 <input type="text"/> | 6 <input type="text"/> |
| 7. Neyðarútgangur, ljósabúnaður og merkingar, handluktir | 7 <input type="text"/> | 7 <input type="text"/> |
| 8. Rennibrautir/björgunarbátar (eftir þörfum), neyðarsendir (ELT) | 8 <input type="text"/> | 8 <input type="text"/> |
| 9. Súrefnisbirgðir (öryggis- og þjónustuliðar og farþegar) | 9 <input type="text"/> | 9 <input type="text"/> |
| 10. Öryggisleiðbeiningar | 10 <input type="text"/> | 10 <input type="text"/> |
| 11. Öryggis- og þjónustuliðar | 11 <input type="text"/> | 11 <input type="text"/> |
| 12. Aðgangur að neyðarútgöngum | 12 <input type="text"/> | 12 <input type="text"/> |
| 13. Öryggi farangurs farþega | 13 <input type="text"/> | 13 <input type="text"/> |
| 14. Sætaframboð | 14 <input type="text"/> | 14 <input type="text"/> |

| Kóði atriðis | Skóðað | Athugasemd |
|---|-------------------------|-------------------------|
| C. Ástand loftfars | | |
| Almennt | | |
| 1. Almennt ástand | 1 <input type="text"/> | 1 <input type="text"/> |
| 2. Hurðir og lúgur | 2 <input type="text"/> | 2 <input type="text"/> |
| 3. Stýri | 3 <input type="text"/> | 3 <input type="text"/> |
| 4. Hjól, hjólbarðar og hemlar | 4 <input type="text"/> | 4 <input type="text"/> |
| 5. Lendingarbúnaður, meiðar/flotholt | 5 <input type="text"/> | 5 <input type="text"/> |
| 6. Hjólahólf | 6 <input type="text"/> | 6 <input type="text"/> |
| 7. Fullbúinn hreyfill og stöpull | 7 <input type="text"/> | 7 <input type="text"/> |
| 8. Blásarablöð | 8 <input type="text"/> | 8 <input type="text"/> |
| 9. Loftskrúfur, þyrlar (aðal og stél) | 9 <input type="text"/> | 9 <input type="text"/> |
| 10. Augljósar viðgerðir | 10 <input type="text"/> | 10 <input type="text"/> |
| 11. Augljósar óviðgerðar skemmdir | 11 <input type="text"/> | 11 <input type="text"/> |
| 12. Leki | 12 <input type="text"/> | 12 <input type="text"/> |
| D. Farmur | | |
| 1. Almennt ástand farmrýmis | 1 <input type="text"/> | 1 <input type="text"/> |
| 2. Hættulegur varningur | 2 <input type="text"/> | 2 <input type="text"/> |
| 3. Öryggi farms um borð | 3 <input type="text"/> | 3 <input type="text"/> |
| E. Almennt | | |
| 1. Almennt | 1 <input type="text"/> | 1 <input type="text"/> |

2. viðbætur

Eyðublað fyrir staðfestingu á skoðun

| Staðfesting á skoðun | | | | | |
|---|--|---------------------------|--|-----------------------------|--|
| Dagsetning: | | Tími | | Staður: | |
| Flugrekandi: | | Ríki: | | Númer flugrekandaskírteinis | |
| Flugleið frá: | | Flugnr.: | | Flugleiðanr.: | |
| Tegund flugs: | | Leigt af flugrekanda: | | Útfærsla loftfars: | |
| Ríki leigutaka: | | Skrásetningamerki: | | Smíðanr.: | |
| Ríki sem gefur/gefa út fluglíðaskírteini: | | Staðfesting á móttöku (*) | | | |
| | | Nafn | | Undirskrift: | |
| | | Starfsheiti: | | | |

Upplýsingar á valfrjálssu sniði um flumálayfirvöld aðildarríkis sem framkvæma skoðunina (kennimerki, upplýsingar um hvernig hægt er að ná sambandi símanúmer/bréfasímanúmer/netfang)

| Skoðað Athugasemd | | | Skoðað Athugasemd | | | Skoðað Athugasemd | | |
|-------------------|--------------------------------------|--|-------------------|--|--|-------------------|----------------------------------|--|
| A | Stjórnklefi | | | | | | Ástand loftfars | |
| 1 | Almennt ástand | | 20 | Fluglíðaskírteini | | | Almennt ytra ástand | |
| 2 | Neyðarútgangur | | | Leiðarflugbók/tækniflugbók eða sambærilegt | | | Hurðir og lúgur | |
| 3 | Búnaður | | 21 | Leiðarflugbók eða sambærilegt | | | Stýri | |
| | Skjöl | | 22 | Viðhaldsvottorð | | | Hjól, hjólbarðar og hemlar | |
| 4 | Handbækur | | 23 | Tilkynning og viðgerð bilana (þ.m.t. tækniflugbók) | | | Lendingarbúnaður meiðar/flotholt | |
| 5 | Gátlistar | | 24 | Fyrirflugsskoðun | | | Hjólakólf | |
| 6 | Kort yfir fjarleiðsögu | | | | | | Fullbúinn hreyfill og stöpull | |
| 7 | Listi yfir lágmarksbúnað | | B | Öryggi/farþegarými | | | Blásarablöð | |
| 8 | Skráningarvottorð | | 1 | Almennt innra ástand | | | Loftskráfur, þylar (aðal/stél) | |
| 9 | Hljóðstigsvottorð (ef við á) | | 2 | Sæti öryggis- og þjónustuliða og hvíldarsvæði áhafnar | | | Augljósar viðgerðir | |
| 10 | Flugrekandaskírteini eða sambærilegt | | 3 | Sjúkrakassi/læknataska | | | Augljósar óviðgerðar skemmdir | |
| 11 | Talstöðvarskírteini | | 4 | Handslökkvitæki | | | Leki | |
| 12 | Lofthæfivottorð | | 5 | Björgunarvesti/lotbúnaður | | | | |
| | Fluggögn | | 6 | Öryggisbelti og ástand sæta | | | Farmur | |
| 13 | Flugundirbúningur | | 7 | Neyðarútgangur, ljósabúnaður og merkingar, handluktir | | | Almennt ástand farmrýmis | |
| 14 | Hleðslu- og jafnvægissskrá | | 8 | Rennibrautir/björgunarbátar (eftir þörfum), neyðarsendir | | | Hættulegur varningur | |
| | Öryggisbúnaður | | 9 | Súrefnisbirgðir (öryggis- og þjónustuliðar og farþegar) | | | Öryggi farms um borð | |
| 15 | Handslökkvitæki | | 10 | Öryggisleiðbeiningar | | | | |
| 16 | Björgunarvesti/lotbúnaður | | 11 | Öryggis- og þjónustuliðar | | | Almennt | |
| 17 | Tygi | | 12 | Aðgangur að neyðarútgöngum | | | Almennt | |
| 18 | Súrefnistæki | | 13 | Öryggi farangurs farþega | | | | |
| 19 | Vasaljós | | 14 | Sætaframboð | | | | |

Aðgerð sem er gripið til

| |
|---|
| 3c) Loftfar sett í flugbann af hálfu flugmálayfirvalda aðildarríkisins sem annast skoðunina |
| 3b) Aðgerðir til úrbóta áður en brottför flugs er leyfð |
| 3a) Takmörkun á starfrækslu loftfars |
| 2) Upplýsingar fyrir flugmálayfirvöld og flugrekanda |
| 1) Upplýsingar fyrir flugstjóra |
| 0) Engar athugasemdir |

Merki eða númer skoðunarmanns eða skoðunarmanna

| |
|--|
| |
| |

Atriði Athugasemdir

| |
|--|
| |
| |
| |
| |
| |
| |

(*) Undirskrift flugverja eða annars fulltrúa flugrekandans, sem sætir skoðun, felur ekki á neinn hátt í sér viðurkenningu á þeim niðurstöðum sem tilgreindar eru heldur er hún einfaldlega staðfesting á því að loftfarið hafi verið skoðað á þeim tíma og stað sem tilgreindur er í skjalinu. Í þessari skýrslu er tilgreint það sem í ljós kom við skoðunina og skal það ekki túlkað sem staðfesting á því að loftfarið sé hæft fyrir fyrirhugað flug. Gögn, sem lögð eru fram í þessari skýrslu, geta breyst vegna lagfæringar á orðalagi þegar þau eru færð inn í SAFA-gagnagrunninn.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 393/2008**2009/EES/54/07****frá 30. apríl 2008****um leyfi fyrir astaxantíndímetyldísúksínati sem aukefni í fódri (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fódur ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir efnablöndunni astaxantíndímetyldísúksínati, í aukefnaflokknum „skynræn aukefni“, sem aukefni í fódri fyrir lax og silung.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 17. október 2007 að astaxantíndímetyldísúksínat hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið ⁽²⁾. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að astaxantíndímetyldísúksínat feli ekki í sér aðra

áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fódri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „a) ii) litarefni: efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 28.5.2009, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtfð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtfð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽²⁾ Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í fódur sem fjallar um öryggi og verkun Carophyll® Stay-Pink (astaxantíndímetyldísúksínat) sem aukefni í fódri fyrir lax og silung. Samþykkt 17. október 2007. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 574, bls. 1-25.

VIÐAUKI

| Kenninúmer aukefnis | Nafn leyfishafa | Aukefni | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksa ldur | Lágmarksi nnihald | Hámarks- innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|-----------------|---------------------------------|--|----------------------------|------------------|--|----------------------|--|-----------------|
| | | | | | | mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald | | | |
| Flokkur: skynræn aukefni: Virkur hópur: a) ii) litarefni: efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum | | | | | | | | | |
| 2a(ii) 165 | — | astaxantíndímetyldísúksí nat | Virkt efni: astaxantíndímetyldísúksínat (C ₅₀ H ₆₄ O ₁₀ , CAS-nr. 578006-46-9) Astaxantíndímetyldísúksínat > 96% Önnur karótenóíð < 4% Samsetning aukefnis: Samsett úr lífrænum uppistöðuefnum Hreinleikaskilyrði: Trífenýlfosfínóxið ≤ 100 mg/kg af aukefni Díklórmetan: ≤ 600 mg/kg af aukefni Greiningaraðferðir Háþrýstivökvaskiljun ásamt greiningu þar sem er notast er við útfjólublátt ljós ⁽¹⁾ | Lax og silungur | — | — | 138 | 1. Má gefa dýrum sem hafa náð sex mánaða aldri eða dýrum sem hafa náð 50 g þyngd. 2. Ef nota á í fiskafóður skal aukefnið vera í samsettu formi, gert stöðugt með leyfilegu þráavarnarefni. Ef etoxýkvín er notað í samsetningunni skal tilgreina það á merkimiðanum. 3. Ef astaxantíndímetyldísúksínat er blandað með kantaxantíni og öðrum astaxantíngjöfum skal heildarstyrkur blöndunnar ekki fara yfir 100 mg astaxantínjafngildis ⁽²⁾ /kg í heilfóðri fyrir fiska. | 21. maí 2018 |

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives⁽²⁾ 1,38 mg astaxantíndímetyldísúksínat jafngildir 1 mg af astaxantíni.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 505/2008

2009/EES/54/08

frá 6. júní 2008

um leyfi fyrir nýrri notkun 3-fýtasa (Natuphos) sem aukefnis í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmæðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun ensímböndunnar 3-fýtasa (Natuphos 5000, Natuphos 5000 G, Natuphos 5000 L, Natuphos 10000 G og Natuphos 10000 L), framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101.672), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem aukefnis í fóðri fyrir gyltur.
- 4) Notkun þeirrar efnablöndu var leyfð fyrir smágrísi (vanda undan), eldisvín og eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2007 ⁽²⁾, fyrir varphænur og eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1142/2007 ⁽³⁾ og fyrir endur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 165/2008 ⁽⁴⁾.

- 5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi fyrir gyltur. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álit sínu frá 15. júní 2006 ⁽⁵⁾ að ensímböndan Natuphos (3-fýtasi), framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 101.672), hafi ekki skaðleg áhrif á neytendur, notendur eða umhverfið og að hún sé áhrifarík til að bæta meltanleika fóðurs. Í álit sínu frá 12. desember 2007 ⁽⁶⁾ komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að notkun efnablöndunnar sé örugg fyrir gyltur. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sérþæktum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 6) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnaböndan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltangræðandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 33. Hinnar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 28.5.2009, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtuð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 73, 13.3.2007, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 20.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 50, 23.2.2008, bls. 8.

⁽⁵⁾ Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem notuð eru í fóður og álit vísindanefndar um erfðabreyttar lífverur um öryggi og verkun ensímböndunnar Natuphos (3-fýtasi), framleiddur með *Aspergillus niger*. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 369, 1-19.

⁽⁶⁾ Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem notuð eru í fóður um öryggi ensímböndunnar Natuphos (3-fýtasi) fyrir gyltur. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 614, 1-5.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

| Kenninúmer aukefnisins | Nafn leyfishafa | Aukefni (viðskiptaheiti) | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarks-aldur | Lágmarks-innihald | Hámarks-innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---|-----------------|---|---|-------------------------|---------------|--|------------------|--|-----------------|
| | | | | | | Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi | | | |
| Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni. | | | | | | | | | |
| 4a1600 | BASF SE | 3-fýtasi EB 3.1.3.8 (Natuphos 5000 Natuphos 5000 G Natuphos 5000 L Natuphos 10000 G Natuphos 10000 L) | Samsetning aukefnis 3-fýtasi, framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 101.672), með virkni að lágmarki: Fast form: 5000 FTU ⁽¹⁾ /g Vökvaform: 5000 FTU/ml Lýsing á eiginleikum virka efnisins 3-fýtasi framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 101.672) Greiningaraðferð ⁽²⁾ Litmæling sem mælir ólífrænt fosfat sem ensímið leysir úr fýtathvarfefni. | Gyltur | — | 500 FTU | — | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggulun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilfóðurs: 500 FTU. 3. Til nota í fóður sem inniheldur yfir 0,36% fýtínbundinn fosfór. | 27.júní 2018 |

⁽¹⁾ 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkromól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH-gildið 5,5 og 37 °C.
⁽²⁾ Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 516/2008

2009/EES/54/09

frá 10. júní 2008

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1200/2005, (EB) nr. 184/2007, (EB) nr. 243/2007, (EB) nr. 1142/2007, (EB) nr. 1380/2007 og (EB) nr. 165/2008 því er varðar skilmála leyfa fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með 14. janúar 2008, er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfanna frá og með þeim degi.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) BASF Aktiengesellschaft hefur lagt fram umsókn, skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, þar sem lögð er til breyting á nafni handhafa leyfisins að því er varðar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 ⁽²⁾, (EB) nr. 184/2007 ⁽³⁾, (EB) nr. 243/2007 ⁽⁴⁾, (EB) nr. 1142/2007 ⁽⁵⁾, (EB) nr. 1380/2007 ⁽⁶⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 165/2008 ⁽⁷⁾.

2) Með þessum reglugerðum er notkun tiltekinna aukefna leyfð. Leyfið er bundið handhafa þess. Handhafi leyfisins er í öllum tilvikum BASF Aktiengesellschaft.

3) Umsækjandi fullyrðir að BASF Aktiengesellschaft hafi verið breytt í BASF SE frá og með 14. janúar 2008 og að BASF SE sé sama fyrirtækið og eigi nú markaðssetningarrétt fyrir þessi aukefni. Umsækjandinn hefur lagt fram viðeigandi skjöl því til stuðnings.

4) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefnum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

5) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir heitinu BASF SE frá og

6) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 1200/2005, (EB) nr. 184/2007, (EB) nr. 243/2007, (EB) nr. 1142/2007, (EB) nr. 1380/2007 og (EB) nr. 165/2008 til samræmis við það.

7) Rétt er að kveða á um aðlögunartímabil svo að unnt sé að nýta fyrirbyggjandi birgðir.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

1. Í 2. dálki færslunnar fyrir 1, í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1200/2005, komi „BASF SE“ í stað „BASF Aktiengesellschaft“.

2. Í 2. dálki færslunnar fyrir 4d800, í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 184/2007, komi „BASF SE“ í stað „BASF Aktiengesellschaft“.

3. Í 2. dálki færslunnar fyrir 4a1600, í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 243/2007, komi „BASF SE“ í stað „BASF Aktiengesellschaft“.

4. Í 2. dálki færslunnar fyrir 4a1600, í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1142/2007, komi „BASF SE“ í stað „BASF Aktiengesellschaft“.

5. Í 2. dálki færslunnar fyrir 4a62, í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1380/2007, komi „BASF SE“ í stað „BASF Aktiengesellschaft“.

6. Í 2. dálki færslunnar fyrir 4a1600, í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 165/2008, komi „BASF SE“ í stað „BASF Aktiengesellschaft“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 24/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 28.5.2009, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtuð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1445/2006 (Stjtuð. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 22).

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 73, 13.3.2007, bls. 4.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 20.

⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 309, 27.11.2007, bls. 21.

⁽⁷⁾ Stjtuð. ESB L 50, 23.2.2008, bls. 8.

2. gr.

Fyrirliggjandi birgðir, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má setja á markað og nota til 31. október 2008.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. janúar 2008.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 552/2008

2009/EES/54/10

frá 17. júní 2008

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999, (EB) nr. 2380/2001 og (EB) nr. 1289/2004 að því
er varðar skilmála leyfa fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

kemur að markaðssetningarréttur þessara aukefna hefur
flust til Alpharma (Belgía) BVBA, ásamt viðbótar-
fylgiskjölum frá upprunalegum handhöfum sem nefndir
eru í þeim leyfum.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.
1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾,
einkum 3. mgr. 13. gr.,

- 5) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu
stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á
viðkomandi aukefnum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu
var upplýst um umsóknina.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Alpharma (Belgía) BVBA hefur lagt fram umsókn, skv.
3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, þar sem
lögð er til breyting á nafni handhafa leyfisins að því er
varðar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB)
nr. 2430/1999 ⁽²⁾, (EB) nr. 2380/2001 ⁽³⁾ og (EB)
nr. 1289/2004 ⁽⁴⁾. Með þessum reglugerðum er notkun
tiltekinnna aukefna leyfð. Leyfin eru bundin handhafa
þeirra.

- 6) Til að gera umsækjanda kleift að nýta
markaðssetningarrétt sinn undir heitinu Alpharma
(Belgía) BVBA er nauðsynlegt að breyta skilmálum
leyfanna.

- 7) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 2430/1999, (EB)
nr. 2380/2001 og (EB) nr. 1289/2004 til samræmis við
það.

- 2) Að því er varðar aukefnin róbenidínhydróklóríð 66 g/kg
(Cycostat 66G) og alfadúramísínammóníum 1 g/100g
(Cygro 1%), sem eru skráð í I. viðauka við reglugerð
(EB) nr. 2430/1999, er Roche Vitamins Europe Ltd.
handhafi leyfisins.

- 8) Rétt er að kveða á um aðlögunartímabil svo hægt sé að
nýta fyrirbyggjandi birgðir.

- 3) Að því er varðar aukefnin alfadúramísínammóníum
1 g/100 g (Cygro 1%) sem er skráð í viðaukann við
reglugerð (EB) nr. 2380/2001 og dekokínat 60,6 g/kg
(Deccox) sem er skráð í viðaukann við reglugerð (EB)
nr. 1289/2004, er Alpharma AS. handhafi leyfisins.

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um
matvælaferlið og heilbrigði dýra.

- 4) Umsækjandinn fullyrðir að Alpharma (Belgía) BVBA sé
löglegur síðari handhafi leyfanna sem um getur í
forsendum 2 og 3. Með umsókninni hefur Alpharma
(Belgía) BVBA lagt fram viðeigandi skjöl, þar sem fram

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 3. Hennar var getið
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2009 frá 17. mars 2009
um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn,
sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 28.5.2009,
bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með
reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59,
5.3.2005, bls. 8).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með
reglugerð (EB) nr. 1519/2007 (Stjtið. ESB L 335, 20.12.2007, bls. 15).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 321, 6.12.2001, bls. 18.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 15.

1. Í 2. dálki færslunnar fyrir E 758 og E 770, í I. viðauka við
reglugerð (EB) nr. 2430/1999, komi „ Alpharma (Belgía)
BVBA “ í stað „Roche Vitamins Europe Ltd “ .

2. Í 2. dálki færslunnar fyrir E 770, í viðaukanum við
reglugerð (EB) nr. 2380/2001, komi „ Alpharma (Belgía)
BVBA “ í stað „Alpharma AS“

3. Í 2. dálki færslunnar fyrir E 756, í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1289/2004, komi „Alpharma (Belgía) BVBA“ í stað „Alpharma AS“.

2. gr.

Fyrirliggjandi birgðir, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má setja á markað og nota til 30. september 2008.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 554/2008

2009/EES/54/11

frá 17. júní 2008

um leyfi fyrir 6-fýtasa (Quantum Phytase) sem aukefni í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

neytendur eða umhverfið og er áhrifarík til að bæta meltanleika fóðurs, samkvæmt gögnum sem umsækjandi leggur fram. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að afurðin veldur vægri ertingu og að hún getur valdið húðnæmingu og hugsanlega næmingu í öndunarvegi. Stofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir ensímböndu 6-fýtasa (Quantum Phytase), framleiddur með *Pichia pastoris* (DSM 15927), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem aukefni í fóðri fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, aliendur og smágrísi (sem búið er að venja undan).

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álit sínu frá 1. febrúar 2007 og 30. janúar 2008⁽²⁾ að ensímböndu 6-fýtasi (Quantum Phytase), framleiddur með *Pichia pastoris* (DSM 15927), hafi ekki skaðleg áhrif á dýr,

5) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu sem meltingarbætandi efni, eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Gera skal ráðstafanir til að verja notendur gegn þeirri áhættu sem tilgreind er í álit stofnunarinnar.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnaböndun, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 28.5.2009, bls. 10.

(1) Stjtfð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtfð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

(2) Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem notuð eru í fóður (FEEDAP) og álit vísindanefndar um erfðabreyttar lífverur um öryggi og verkun afurðanna Quantum Phytase 5000 L og Quantum Phytase 2500 D (6-fýtasa) sem aukaefni í fóðri fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, aligæsir og smágrísi (sem búið er að venja undan).Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 627, bls. 1-27.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

| Kenni- númer aukefnis | Nafn leyfishafa | Aukefni (Viðskiptaheiti) | Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinn- ihald | Hámarks- innihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|-----------------------------|-----------------|-----------------------------|--|----------------------------|--------------|---|----------------------|--------------|--------------------|
| | | | | | | Virkniefningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi | | | |

Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.

| | | | | | | | | | |
|-----|-----------------|---|---|--|---|----------|---|--|----------|
| 4a5 | AB Enzymes GmbH | 6-fýtasi EC 3.1.3.26 (Quantum Phytase 2500 D Quantum Phytase 5000 L) | <i>Samsetning aukefnis</i> 6-fýtasi, framleiddur með <i>Pichia pastoris</i> (DSM 15927), með virkni að lágmarki: Fast form: 2500 FTU/g ⁽¹⁾ Vökvaform: 5000 FTU/ml <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> 6-fýtasi, framleiddur með <i>Pichia pastoris</i> (DSM 15927) <i>Greiningaraðferð</i> ⁽²⁾ Litmæling sem byggist á efnahvarfi vanadómólýbdats við lífrænt fosfat sem fæst með verkun á hvarfefni sem í er fýtat (natríumfosfat) við pH 5,5 og 37°C. | Eldis- kjúklingar | — | 500 FTU | — | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við kögglun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilfóðurs: — eldiskjúklingar: 500-2500 FTU — varphænur: 2000 FTU — aliendur: 250-2000 FTU — eldiskalkúnar: 1000-2700 FTU — smágrísir (sem búið er að venja undan) 100-2500 FTU 3. Til nota í fóðurblöndur sem innihalda yfir 0,25% fýtínbundinn fosfór. 4. Handa smágrísum, sem búið er að venja undan, þangað til þeir eru u.þ.b. 35 kg. 5. Til öryggis: við meðhöndlun skal nota andlitsgrímu, öryggisgleraugu og hlífðarhanska. | 8.7.2018 |
| | | | | Varphænur | — | 2000 FTU | — | | |
| | | | | Aliendur | — | 250 FTU | — | | |
| | | | | Eldiskalkúnar | — | 1000 FTU | — | | |
| | | | | Smágrísir (sem búið er að venja undan) | — | 100 FTU | — | | |

⁽¹⁾ 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkromól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH 5,5 og 37 °C.⁽²⁾ Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1056/2008

2009/EES/54/12

frá 27. október 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 6. mgr. 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði⁽²⁾, hefur Flugöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) metið áhrifin af ákvæðum I. viðauka (M-hluta) við þá reglugerð.

2) Flugöryggisstofnunin hefur komist að þeirri niðurstöðu að núverandi ákvæði I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 séu of ströng fyrir loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi, einkum loftför sem flokkast ekki sem „flókin, vélknúin loftför“.

3) Nema breytingar séu samþykktar í tæka tíð skal ákvæðum I. viðauka (M-hluta) beitt að fullu í öllum aðildarríkjum frá 28. september 2008 sökum þess að það tímabil sem aðildarríkin gátu beitt undanþágu fyrir loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi, eins og kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2042/2003, sem flest aðildarríki hafa beitt í reynd, er útrunnið.

4) Flugöryggisstofnunin hefur lagt til að umtalsverðar breytingar verði gerðar á reglugerð (EB) nr. 2042/2003, einkum á I. viðauka (M-hluta), til að aðlagja gildandi kröfur að því hve flóknir mismunandi flokkar loftfara og tegundir starfrækslu eru án þess að öryggisstigið skerðist.

5) Til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum og hagsmunaaðilum tíma til að kynna sér nægilega vel nýju kröfur í M-hluta og til að aðlagast þeim, skulu aðildarríkin eiga þess kost að fresta beitingu ákvæða M-hluta fyrir loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, um eitt til tvö ár til viðbótar, allt eftir því hvaða ákvæði eiga í hlut.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2042/2003 til samræms við það.

7) Í ákvæðum þessarar reglugerðar er tekið tillit til orðsendingar frá framkvæmdastjórninni frá 11. janúar 2008, „Áætlun um sjálfbæra framtíð í almannaflogi og fyrirtækjaflugi“⁽³⁾.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitum sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi k- og l-liður bætist við 2. gr.:

„k) „ELA1-loftfar“: eftirfarandi létt evrópsk loftför:

i. flugvél, sviffluga eða vélfluga með hámarksflugtaksmassa (MTOM) sem er minni en 1000 kg og flokkast ekki sem flókið, vélknúin loftfar,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfssemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 47, 3.9.2009, bls. 29.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

⁽³⁾ COM(2007) 869, lokagerð.

- ii. loftbelgur sem er hannaður þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en 3400 m³ í hitaloftbelg, 1050 m³ í gasbelg og 300 m³ í tjóðruðum gasbelg,
- iii. loftskip sem er ætlað tveimur eða færri og er hannað þannig að hámarksrúmmál burðargass eða hitalofts er ekki meira en 2500 m³ fyrir hitaloftskip og 1000 m³ fyrir gasloftskip,
- l) „LSA-loftfar“: léttar sportflugvélar sem hafa alla eftirfarandi eiginleika:
- i. hámarksflugtaksmassi er í mesta lagi 600 kg,
- ii. mesti ofrishaði í lendingarham (VSO) er að hámarki 45 hnúta leiðréttur hraði (CAS) við skráðan hámarksflugtaksmassa loftfarsins og viðkvæmustu þyngdarmiðjuna,
- iii. hámarkssætarými er fyrir tvo, þ.m.t. flugmaðurinn,
- iv. einn hreyfil sem er ekki hverfihreyfill og búinn skrófu,
- v. farþegarými sem er án jafnþrýstibúnaðar.“
2. Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 3. gr.:
- „4. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, skulu öll lofthæfistaðfestingarvottorð eða sambærileg skjöl, sem gefin eru út í samræmi við kröfur aðildarríkisins og voru í gildi 28. september 2008, vera í gildi uns gildistími þeirra er útrunnin eða til 28. september 2009, hvort sem gerist fyrst. Þegar gildistími lofthæfistaðfestingarvottorðs er útrunninn geta lögbær yfirvöld gefið það aftur út, eða sambærilegt skjal, eða framlengt það um eitt ár, ef slíkt er leyfilegt samkvæmt kröfum aðildarríkisins. Þegar gildistími lofthæfistaðfestingarvottorðs rennur aftur út geta lögbær yfirvöld gefið það aftur út einu sinni, eða sambærilegt skjal, eða framlengt það um eitt ár, ef slíkt er leyfilegt samkvæmt kröfum aðildarríkisins. Frekari endurútgáfa eða framlenging er ekki leyfileg. Hafi verið stuðst við ákvæði þessarar málsgreinar þegar yfirfærsla á skráningu loftfars innan ESB fór fram skal nýtt lofthæfistaðfestingarvottorð gefið út í samræmi við M.A.904.“
3. Eftirfarandi 4. mgr. bætist við í 4. gr.:
- „4. Afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) og opinber afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð), sem viðhalds-fyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt kröfum aðildarríkisins, gefur út fyrir gildistökuðag þessarar reglugerðar, skulu teljast jafngild þeim sem krafist er samkvæmt M.A.801 annars vegar og M.A.802 hins vegar í I. viðauka (M-hluta).“
4. Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Afhendingarvottar skulu hafa starfsréttindi í samræmi við ákvæði III. viðauka nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í h-lið M.A.606, b-lið M.A.607, d-lið M.A.901 og í M.A.803 í I. viðauka og í j-lið 145.A.30 í II. viðauka (145. hluta) og IV. viðbæti við II. viðauka (145. hluta).“
5. Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:
- „2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.:
- a) gilda ákvæði I. viðauka, nema að því er varðar 2. lið h-liðar M.A.201 og c-lið M.A.708, frá 28. september 2005.,
- b) gildir f-liður M.A.201 í I. viðauka fyrir loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, starfrækt af flugrekanda í þriðja landi, frá 28. september 2009.“
- b) Ákvæðum 3. mgr. breytist sem hér segir:
- i. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:
- „a) ákvæðum I. viðauka, að því er varðar loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi, fyrr en 28. september 2009,“
- ii. Eftirfarandi g-liður bætist við:
- „g) að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, að undanskildum stórum loftförum, kröfum um að fara eigi að III. viðauka (66. hluta) í eftirfarandi ákvæðum, fyrr en 28. september 2010:
- g-lið M.A.606 og 2. lið b-liðar M.A.801 við I. viðauka (M-hluta),
- g- og h-lið 145.A.30 við II. viðauka (145. hluta).“
6. Ákvæðum I. og II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

VIDAUKI

1. Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi iii. liður bætist við í 4. mgr. M.1

„iii) þrátt fyrir i-lið 4. mgr. í þeim tilvikum er áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem ekki er notað í flutningaflugi, er undir stjórn fyrirtækis sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem samþykkt er í samræmi við G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) og er ekki háð eftirliti skráningaraðildarríkisins og aðeins ef skráningaraðildarríkið hefur gefið samþykki áður en viðhaldsáætlunin er samþykkt:

a) yfirvald, sem er tilnefnt af aðildarríkinu sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eða

b) Flugöryggisstofnunin ef fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, er staðsett í þriðja landi.“

2) Í stað e-liðar í M.A.201 komi eftirfarandi:

„e) Til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt a-lið

i. getur eigandi loftfars gert samning við fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta). Í slíkum tilvikum tekur fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, á sig ábyrgð á því að ljúka þessum verkefnum á réttan hátt.

ii. eigandi, sem ákveður að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi á eigin ábyrgð án samnings í samræmi við I. viðbæti, getur samt sem áður gert takmarkaðan samning við fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem hefur samþykki samkvæmt G-hluta A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) um að útbúa viðhaldsáætlun og samþykki hennar í samræmi við M.A.302. Í því tilviki færast ábyrgðin á þróun viðhaldsáætlunarinnar og samþykki hennar yfir á fyrirtækið sem samið var við um að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.“

3) Í stað inngangssetningarinnar í i. lið M.A.201 komi eftirfarandi: „Fari aðildarríki fram á að flugrekandi hafi skírteini fyrir annan atvinnurekstur en flutningaflug skal flugrekandi:“

4) Í stað a-liðar í M.A.202 komi eftirfarandi:

„a) Sérhver aðili eða fyrirtæki, sem ber ábyrgð samkvæmt M.A.201, skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem skráningarríkið tilnefnir, fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á tegundarhönnun eða viðbótartegundarhönnun, og, ef við á, aðildarríki flugrekandans um sérhvert ástand loftfars eða íhlutar sem viðkomandi verður áskynja um og stofnar flugöryggi í hættu.“

5) Í stað M.A.302 komi eftirfarandi:

„M.A.302 Viðhaldsáætlun fyrir loftför

a) Skipuleggja skal viðhald allra loftfara í samræmi við viðhaldsáætlun fyrir loftför.

b) Viðhaldsáætlunin fyrir loftför og síðari breytingar á henni verða að hljóta samþykki lögbærs yfirvalds.

c) Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), sér um áframhaldandi lofthæfi loftfarsins er heimilt að samþykkja viðhaldsáætlunina fyrir loftför og breytingar á henni með málsmeðferð við óbeint samþykki.

i. Í því tilviki skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, taka málsmeðferð við óbeint samþykki upp sem hluta af starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og skal það samþykkt af því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

- ii. Fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal ekki nota málsmeðferðina við óbeint samþykki þegar þetta fyrirtæki er ekki undir eftirliti skráningaraðildarríkisins nema samkomulag sé til staðar skv. ii. eða iii. lið 4. liðar M.1, eftir því sem við á, þar sem ábyrgðin á samþykki viðhaldsáætlunarinnar fyrir loftför færir til lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.
- d) Viðhaldsáætlunin fyrir loftför skal vera í samræmi við:
- i. leiðbeiningar sem lögbært yfirvald gefur út,
- ii. leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, sem gefnar eru út af handhöfum tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, evrópskrar tækniforskriftarheimildar eða hvers konar annarra viðeigandi samþykkja sem eru gefin út samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1702/2003 og viðauka hennar (21. hluta),
- iii. viðbótarleiðbeiningar eða aðrar leiðbeiningar, sem eru lagðar fram af eigandanum eða fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eftir að það hefur hlotið samþykki í samræmi við M.A.302, að undanskildum tímabilum milli öryggistengdra verkefna, eins og um getur í e-lið, sem gætu aukist, að því tilskildu að endurskoðanir séu framkvæmdar með fullnægjandi hætti í samræmi við g-lið og aðeins þegar hlotist hefur beint samþykki í samræmi við b-lið M.A.302.
- e) Í viðhaldsáætluninni fyrir loftför skulu koma fram upplýsingar um allt viðhald sem framkvæma skal og hversu oft það skal framkvæmt, þ.m.t. öll verkefni sem tengjast tegund og sérhæfni rekstrarins.
- f) Þegar um er að ræða stór loftför skal áreiðanleikaáætlun vera innifalin í viðhaldsáætluninni fyrir loftför þegar hún byggist á reglum viðhaldsstýrihóps eða vöktun ásigkomulags.
- g) Viðhaldsáætlunin fyrir loftför skal háð reglubundinni endurskoðun og skal henni breytt til samræmis við það, þegar þörf krefur. Þessar endurskoðanir skulu tryggja að áætlunin haldi gildi sínu í ljósi reynslu af starfrækslu og leiðbeiningum frá lögbæru yfirvaldi á sama tíma og tillit er tekið til nýrra og/eða breyttra viðhaldsleiðbeininga sem handhafar tegundarvottorða og viðbótartegundarvottorða koma á framfæri og allra annarra fyrirtækja sem birta slíkar upplýsingar í samræmi við viðaukann (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003.“
- 6) Í stað b-liðar í M.A.305 komi eftirfarandi:
- „b) Í skrá loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skal vera:
1. viðhaldsskrá loftfars, viðhaldsskrá eða viðhaldsskrár hreyfils eða spjaldsskrár yfir notkunartíma hreyfilhluta, viðhaldsskrá eða viðhaldsskrár loftskráfu, spjaldsskrár fyrir alla hluti með tiltekinn endingartíma og
2. tækniflugbók flugrekandans þegar þess er krafist samkvæmt M.A.306 fyrir flutningaflug eða þegar aðildarríkið krefst þess vegna annars atvinnureksturs en flutningaflugs.“
- 7) Í stað orðanna „skv. 1. eða 2. lið b-liðar M.A.801 eða skv. 145. hluta“ í b-lið M.A.403 komi orðin „skv. 1. lið b-liðar M.A.801, 2. lið b-liðar M.A.801, c-lið M.A.801, d-lið M.A.801 eða II. viðauka (145. hluta)“.
- 8) Í stað orðanna „tilgreint í 145. hluta og F-kafla“ í a-lið M.A.501 komi orðin „tilgreint í viðauka (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003, II. viðauka (145. hluta) eða F-kafla í A-þætti við I. viðauka þessarar reglugerðar.“
- 9) Í stað M.A.502 komi eftirfarandi:

„M.A.502 Viðhald íhluta

- a) Tilhlýðilega samþykkt viðhaldsfyrirtæki skulu framkvæma viðhald íhluta í samræmi við F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

- b) Þrátt fyrir a-lið er fyrirtækjum með heimildir í A-flokki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða í samræmi við II. viðauka (145. hluta), svo og afhendingarvottum, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801, heimilt að framkvæma viðhald á íhlut samkvæmt viðhaldsgögnum loftfars eða samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar, ef lögbært yfirvald hefur samþykkt það, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á loftfarinu. Engu að síður er slíkum fyrirtækjum eða afhendingarvottum heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að honum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir ákvæði þessa liðs. Að því er varðar viðhald íhluta sem fram fer í samræmi við þennan lið er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur M.A.801 um afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð).
- c) Þrátt fyrir a-lið er fyrirtæki með heimildir í B-flokki sem hefur hlotið samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta) heimilt að framkvæma viðhald á íhlut í hreyfli/aukaafstöð (APU) í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils/aukaafstöðvar eða, ef lögbært yfirvald hefur samþykkt það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á hreyflinum/aukaafstöðinni. Engu að síður getur fyrirtæki með heimildir í B-flokki fjarlægt íhlutinn tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að honum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir ákvæði þessa liðar.
- d) Þrátt fyrir a-lið og 2. lið b-liðar M.A.801 er afhendingarvottum, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801, heimilt að framkvæma viðhald á íhlut, hvort sem hann er fastur á ELA1-loftfari, sem ekki er notað í flutningaflugi, eða fjarlægður þaðan tímabundið samkvæmt viðhaldsgögnum íhlutar, nema þegar um er að ræða:

1. grannskoðun á íhlutum öðrum en hreyflum og skráfum og
2. grannskoðun á hreyflum og skráfum loftfara sem ekki teljast til CS-VLA-, CS-22- og LSA-loftfara.

Að því er varðar viðhald íhluta, sem fram fer í samræmi við d-lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur M.A.801 um afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð).“

10) Í stað M.A.503 komi eftirfarandi:

„M.A.503 Íhlutir með tiltekinn endingartíma

Ísettir íhlutir með tiltekinn endingartíma skulu ekki fara yfir samþykkt endingartímamörk sem tilgreind eru í samþykktu viðhaldsáætluninni og lofthæfiskipunum, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í c-lið M.A.504.“

11) Í stað b-liðar í M.A.504 komi eftirfarandi:

„b) Auðkenna skal ónothæfa íhluti og skulu þeir geymdir á öruggum stað undir eftirliti samþykks fyrirtækis þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíð viðkomandi íhlutar. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, að stórum loftförum undanskildum, er þeim aðila eða því fyrirtæki sem lýsti íhlutinn ónothæfan engu að síður heimilt að flytja forræði íhlutarins yfir til eiganda loftfars eftir að hafa lýst hann ónothæfan, að því tilskildu að slík tilfærsla komi fram í viðhaldsskrá loftfarsins, hreyfilsins eða íhlutarins.“

12) Í stað M.A.601 komi eftirfarandi:

„M.A.601 Gildissvið

Í þessum kafla eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki á að uppfylla til að teljast hæft til að hljóta samþykki eða framlengingu á samþykki til að annast viðhald á loftförum og íhlutum sem eru ekki skráð í g-lið M.A.201.“

13) Í stað 5. og 6. liðar a-liðar M.A.604 komi eftirfarandi:

„5. skrá yfir afhendingarvotta og gildissvið samþykkis þeirra og

6. skrá yfir staðsetningar þar sem viðhald fer fram ásamt almennri lýsingu á aðstöðunni,“.

14) Í M.A.606 bætist eftirfarandi h-liður við:

„h) Þrátt fyrir g-lið er fyrirtækinu heimilt að notast við afhendingarvotta, sem hlotið hafa starfsréttindi í samræmi við eftirfarandi ákvæði, þegar um er að ræða stuðningsviðhald til flugrekenda í atvinnurekstri að því tilskildu að viðeigandi ákvæði hafi verið viðurkennd sem hluti af handbók fyrirtækisins:

1. Ef um er að ræða lofthæfítílskipanir sem gera ráð fyrir að þau séu endurtekin í fyrirflugsskoðunum og kveða sérstaklega á um að flugliðar megi framkvæma slík lofthæfifyrirmæli getur fyrirtækið gefið út takmarkaða heimild fyrir afhendingarvotta til handa flugstjóranum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er, að því tilskildu að fyrirtækið hafi fullvissu fyrir því að flugstjóri loftfarsins hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt lofthæfifyrirmælin samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er.
2. Þegar um er að ræða loftfar, sem er starfrækt fjarri stað með viðhaldsaðstöðu, getur fyrirtækið gefið út takmarkaða heimild fyrir afhendingarvotta til handa flugstjóranum á grundvelli þess flugliðaskírteinis sem fyrir hendi er, að því tilskildu að fyrirtækið hafi fullvissu fyrir því að sá einstaklingur hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt verkið samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er.“

15) Í stað M.A.607 komi eftirfarandi:

„M.A.607 Afhendingarvottar

a) Til viðbótar g-lið M.A.606 geta afhendingarvottar einungis neytt réttinda sinna ef viðhaldsfyrirtækið hefur séð til þess:

1. að afhendingarvottar geti sýnt fram á að þeir uppfylli kröfur í b-lið 66.A.20 í III. viðauka (66. hluta) nema þegar III. viðauki (66. hluti) vísar til reglna aðildarríkis en þá skulu þeir uppfylla kröfur slíkra reglna og
2. að afhendingarvottar hafi næga þekkingu á viðkomandi loftfari, sem kemur til viðhalds og/eða íhlutum þess, ásamt tilheyrandi verklagsreglum fyrirtækisins.

b) Ef eftirfarandi ófyrirséð atvik valda því að loftfar er kyrrsett á öðrum stað en í höfuðstöðvunum og engir viðeigandi afhendingarvottar eru á þeim stað getur viðhaldsfyrirtækið, sem samið var við um stuðningsviðhald, gefið út staka vottunarheimild til handa:

1. einum starfsmanni sínum sem hefur tegundarréttindi fyrir loftför með svipaðan tæknibúnað, byggingu og kerfi eða
2. sérhverjum einstaklingi með minnst þriggja ára reynslu af viðhaldi og með gilt ICAO-viðhaldsskírteini (skírteini Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) með tegundaráritun fyrir loftfarið sem þarf að fá vottun, að því tilskildu að á þeim stað sé ekkert fyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki samkvæmt þessum hluta og fyrirtækið, sem samið hefur verið við, hafi fengið og geymi skráðar hjá sér staðfestar upplýsingar um reynslu og skírteini hlutaðeigandi einstaklings.

Öll slík tilvik ber að tilkynna til lögbæra yfirvaldsins innan sjö daga frá því að slík vottunarheimild er veitt. Samþykkt viðhaldsfyrirtæki, sem gefur út staka vottunarheimild, skal tryggja að allt slíkt viðhald, sem getur haft áhrif á flugöryggi, sé yfirfarið aftur.

c) Samþykkt viðhaldsfyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um afhendingarvotta og halda uppfærða skrá yfir alla afhendingarvotta ásamt gildissviði samþykkis þeirra sem hluti af handbók fyrirtækisins skv. 5. lið a-liðar M.A.604.“

16) Í stað 1. liðar a-liðar M.A.608 komi eftirfarandi:

„1. hafa yfir að ráða þeim búnaði og verkfærum, sem eru tilgreind í viðhaldsgögnunum sem lýst er í M.A.609, eða sannprófuðum og jafngildum búnaði og verkfærum sem eru skráð í handbók viðhaldsfyrirtækisins sem eru nauðsynleg til daglegs viðhalds innan gildissviðs samþykkisins og“..

17) Í stað M.A.610 komi eftirfarandi:

„M.A.610 Verkbeðnir um viðhald

Áður en viðhald hefst skulu fyrirtækið og fyrirtækið sem óskar eftir viðhaldi semja um skriflega verkbeðni þar sem fyrirhugað viðhald er skýrt sett fram.

18) Í stað a-liðar í M.A.613 komi eftirfarandi:

„a) Þegar öllu nauðsynlegu viðhaldi á íhlutum er lokið í samræmi við þennan kafla skal afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir íhluti gefið út í samræmi við M.A.802. Gefa skal út EASA-eyðublað nr. 1 nema þegar um er að ræða íhluti sem er haldið við samkvæmt b- og d-lið M.A.502 eða þegar um er að ræða íhluti sem eru framleiddir í samræmi við b-lið M.A.603.“

19) Í stað M.A.615 komi eftirfarandi:

„M.A.615 Réttindi fyrirtækisins

Viðhaldsfyrirtækinu, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), er heimilt:

- a) að annast viðhald á sérhverju loftfari og/eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í samþykkisvottorðinu og í handbók viðhaldsfyrirtækisins,
- b) að sjá til þess að framkvæmd sérhæfðra verkefna fari fram hjá öðru fyrirtæki, sem hefur tilskilin starfsréttindi og er undir eftirliti viðhaldsfyrirtækisins, að því tilskildu að settar verði tilteknar verklagsreglur sem hluta af handbók viðhaldsfyrirtækisins, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt beint,
- c) að viðhalda sérhverju loftfari og/eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast viðhald á, hvar sem er, að því tilskildu að þörf sé á viðhaldinu, annaðhvort vegna þess að loftfarið er óflugfært eða að tilfallandi viðhald er nauðsynlegt, sbr. þó skilyrði sem tilgreind eru í handbók viðhaldsfyrirtækisins,
- d) að gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) að loknu viðhaldi, í samræmi við M.A.612 eða M.A.613.“

20) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á M.A.703:

i. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Lögbæra yfirvaldið staðfestir samþykkið með útgáfu vottorðs sem er að finna í VI. viðbæti.“,

ii. eftirfarandi c-liður bætist við:

„c) Í starfsemlýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal umfang þeirra verka sem samþykkið tekur til tilgreint í samræmi við M.A.704.“

21) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á M.A.704:

i. í stað 3. liðar a-liðar komi eftirfarandi:

„3. starfsheiti og nafn eða nöfn einstaklinganna sem um getur í a-, c-, d- og i-lið M.A.706,“.

ii. Eftirfarandi 9. liður bætist við a-lið:

„9. skrá yfir samþykktar viðhaldsáætlanir loftfara eða, að því er varðar loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi, skrá yfir „almennar viðhaldsáætlanir“ og „grunnviðhaldsáætlanir“,“.

iii. í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir b-lið er heimilt að samþykkja minni háttar breytingar á starfsemlýsingunni með málsmeðferð við óbeint samþykki. Í málsmeðferðinni við óbeint samþykki skulu skilgreindar þær minni háttar breytingar sem eru heimilaðar og skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, taka þær upp sem hluta af starfsemlýsingunni og skulu þær samþykktar af lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á því fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.“

22) Eftirfarandi i- og j-liður bætist við M.A.706:

- „i) Að því er varðar fyrirtæki sem framlengja lofhæfistaðfestingarvottorð, í samræmi við 4. lið a-liðar M.A.711 og f-lið M.A.901, skal fyrirtækið tilnefna einstaklinga, sem hafa til þess heimild, með samþykki lögbæra yfirvaldsins.
- j) Fyrirtækið skal sundurliða starfsheiti og nafn einstaklingsins eða einstaklinganna, sem um getur í a-, c-, d- og i-lið M.A.706, og uppfæra upplýsingarnar í starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.“

23) Í stað a-liðar í M.A.707 komi eftirfarandi:

- „a) Til þess að hljóta samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi skal samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út lofhæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli sem um getur í I-kafla A-þáttar.
1. Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, og loftför með hámarksflugtaks massa yfir 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum, skal þetta starfsfólk hafa:
 - a) a.m.k. fimm ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og
 - b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða starfsréttindi sem starfsmaður í viðhaldi sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins (þegar III. viðauki (66. hluti) vísar til innlendra reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa og
 - c) formlega þjálfun í viðhaldi loftfara og
 - d) stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkt fyrirtækisins.
 - e) Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fimm ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar a-liðar í M.A.707, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 1. liðar a-liðar í M.A.707.
 2. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, með 2730 kg hámarksflugtaks massa, eða þar undir, og loftbelgi, skal þetta starfsfólk hafa:
 - a) a.m.k. þriggja ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og
 - b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða starfsréttindi sem starfsmaður í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins (þegar III. viðauki (66. hluti) vísar til innlendra reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa og
 - c) viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara og
 - d) stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkt fyrirtækisins,
 - e) Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fjögurra ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar a-liðar í M.A.707, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 2. liðar a-liðar í M.A.707.“

24) Í stað 2. liðar b-liðar M.A.708 komi eftirfarandi:

- „2. láta lögbæra yfirvaldinu í té viðhaldsáætlun og breytingar á henni til samþykkis, nema áætlunin falli undir málsmæðferð við óbeint samþykki í samræmi við c-lið M.A.302 og fá eiganda loftfars, sem er ekki notað í flutningaflugi, afrit af áætluninni,“.

25) Í stað M.A.709 komi eftirfarandi:

„M.A.709 Skjöl

- a) Samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal hafa og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 við framkvæmd verkefna er lúta að áframhaldandi lofthæfi sem um getur í M.A.708. Eigandinn eða flugrekandinn getur lagt þessi gögn fram að því tilskildu að viðeigandi samningur hafi verið gerður við þennan eiganda eða flugrekanda. Í slíku tilviki þarf fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, að geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi nema þegar þeirra er krafist samkvæmt M.A.714.
- b) Fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi getur þróað „grunnviðhaldsáætlanir“ og/eða „almennar viðhaldsáætlanir“ fyrir loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, til að gera fyrsta samþykki og/eða rýmkun gildissviðs samþykkis kleift án þess að samningarnir, sem um getur í I. viðbæti við þennan viðauka (M-hluta), séu fyrir hendi. Þessar „grunnviðhaldsáætlanir“ og/eða „almennu viðhaldsáætlanir“ koma þó ekki í veg fyrir nauðsyn þess að koma á fullnægjandi viðhaldsáætlun fyrir loftför í samræmi við M.A.302 í tæka tíð áður en réttindanna sem um getur í M.A.711 er neytt.“

26) Í stað M.A.711 komi eftirfarandi:

„M.A.711 Réttindi fyrirtækisins

- a) Viðhaldsfyrirtækinu, sem hefur samþykki í samræmi við G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), er heimilt:
1. að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, og eru skráð á samþykkisvottorðið,
 2. að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem eru notuð í flutningaflugi, ef það er skráð bæði á samþykkisvottorð þess og flugrekandaskírteini (AOC),
 3. að sjá til þess að verktakafyrirtæki sjái um takmörkuð verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi þegar það starfar samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins eins og tilgreint er á samþykkisvottorðinu,
 4. framlengja, samkvæmt skilyrðum f-liðar M.A.901, lofthæfistaðfestingarvottorð, sem lögbært yfirvald eða annað fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hefur gefið út og hefur samþykki í samræmi við G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta).
- b) Þar að auki getur samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og er skráð í aðildarríki, hlotið samþykki til að annast staðfestingu á lofthæfi, sem um getur í M.A.710, og:
1. gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð og framlengja það í tæka tíð með þeim skilyrðum sem um getur í 2. lið c-liðar eða 2. lið e-liðar M.A.901 og
 2. gefa út tilmæli um staðfestingu á lofthæfi loftfars til lögbærra yfirvalda skráningaraðildarríkisins.“

27) Í stað f-liðar í M.A.712 komi eftirfarandi:

- „f) Þegar um er að ræða lítið fyrirtæki sem annast áframhaldandi lofthæfi loftfars, sem notað er í flutningaflugi, geta reglubundnar úttektir innan fyrirtækisins komið í stað gæðakerfisins, að því tilskildu að lögbært yfirvald samþykki það, nema þegar fyrirtækið gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför með hámarksflugtaks massa yfir 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum. Þegar ekkert gæðakerfi er til staðar skal fyrirtækið ekki gera samning við aðra aðila um verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.“

28) Í stað b-liðar í M.A.714 komi eftirfarandi:

- „b) Ef fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, neytir þeirra réttinda sem um getur í b-lið M.A.711 skal það varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum og tilmælum, sem gefin eru út, ásamt öllum fylgiskjölum. Þar að auki skal fyrirtækið varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum sem það hefur framlengt samkvæmt þeim réttindum sem um getur í 4. lið a-liðar M.A.711.“

29) Í stað M.A.801 komi eftirfarandi:

„M.A.801 Afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir loftför

- a) Gefa skal út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) í samræmi við þennan kafla, að undanskildum afhendingarvottorðum (viðhaldsvottorðum) loftfara sem viðhaldsfyrirtæki, sem hefur samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta), gefur út.
- b) Ekki má afhenda loftfar nema eftirfarandi aðilar gefi út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) í lok hvers konar viðhalds þegar gengið hefur verið úr skugga um að allt nauðsynlegt viðhald hafi verið framkvæmt á réttan hátt:
 1. viðeigandi afhendingarvottar fyrir hönd samþykkt viðhaldsfyrirtækis samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða
 2. afhendingarvottar sem fullnægja kröfunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka (66. hluta), nema um sé að ræða flókin viðhaldsverkefni sem tilgreind eru í VII. viðauka við þennan viðauka en þá á 1. liður við, eða
 3. flugmaður sem er jafnframt eigandi loftfars í samræmi við M.A.803.
- c) Þrátt fyrir 2. lið b-liðar M.A.801, gildir fyrir ELA1-loftför sem eru ekki notuð í flutningaflugi að afhendingarvottar, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801, mega afhenda flókin viðhaldsverkefni fyrir loftför, sem tilgreind eru í VII. viðbæti.
- d) Þrátt fyrir b-lið M.A.801, getur eigandinn heimilað sérhverjum einstaklingi, sem hefur a.m.k. þriggja ára viðeigandi viðhaldsreynslu og hefur viðeigandi starfsréttindi, að sjá um viðhald í samræmi við staðlana, sem settir eru fram í D-kafla þessa viðauka, og afhenda loftfarið þegar um er að ræða ófyrirsjáanleg atvik, þegar loftfar er kyrrsett á stað þar sem ekki er til staðar viðhaldsfyrirtæki, sem hefur samþykki samkvæmt þessum viðauka eða II. viðauka (145. hluta) og ekki heldur eru fyrir hendi neinir afhendingarvottar með viðeigandi starfsréttindi. Í því tilviki skal eigandinn:
 1. fá í hendur og varðveita í skrá loftfarsins upplýsingar um alla þá vinnu sem fer fram og starfsréttindi einstaklingsins sem gefur vottorðið út og
 2. sjá til þess að allt slíkt viðhald sé athugað aftur og afhent af hálfu einstaklings með tilskilin réttindi, sem um getur í b-lið M.A.801 eða af hálfu stofnunar, sem hefur samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða skv. II. viðauka (145. hluta), við fyrsta hentugleika en þó innan sjö daga, og
 3. innan sjö daga frá því að slík vottunarheimild er veitt, tilkynna fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, þegar samið hefur verið við fyrirtækið í samræmi við c-lið M.A.201 eða lögbæra yfirvaldinu ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi.
- e) Þegar afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) er gefið út skv. 2. lið b-liðar M.A.801 eða c-lið M.A.801 er afhendingarvotti heimilt að njóta aðstoðar eins eða fleiri einstaklinga, sem eru undir beinu og stöðugu eftirliti hans, við framkvæmd viðhaldsverkefnanna.
- f) Í afhendingarvottorði (viðhaldsvottorði) skal a.m.k. koma fram:
 1. grundvallaratriði í viðhaldinu sem fór fram og
 2. hvenær viðhaldinu var lokið og
 3. heiti fyrirtækisins og/eða nafn einstaklingsins sem gaf út afhendingarvottorðið (viðhaldsvottorðið), þ.m.t. eftirfarandi:
 - i. tilvísunarnúmer samþykkis viðhaldsfyrirtækisins, sem hefur samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), svo og nafn afhendingarvottisins sem gaf slíkt vottorð út eða
 - ii. þegar um er að ræða afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) skv. 2. lið b-liðar og c-lið M.A.801, nafn og, ef við á, skirteinisnúmer þess afhendingarvotts sem gefur út vottorðið,
 4. takmarkanir á lofthæfi eða starfrækslu, ef einhverjar eru.

- g) Þrátt fyrir b-lið og ákvæði h-liðar má gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) innan ramma samþykktar takmarkana loftfarsins þegar ekki er hægt að ljúka við viðhaldið sem mælt er fyrir um. Þetta skal koma fram í afhendingarvottorði (viðhaldsvottorði) loftfarsins svo og allar viðeigandi lofthæfitakmarkanir eða takmarkanir á starfrækslu áður en það er gefið út, sem hluti af upplýsingunum sem krafist er í 4. lið f-liðar.
- h) Ekki skal gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) ef vitað er um frávik frá stöðlum sem stofnar flugöryggi í hættu.“

30) Í stað M.A.802 komi eftirfarandi:

„M.A.802 Afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir íhluti

- a) Afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) skal gefið út í lok viðhalds á loftfarsíhlut sem framkvæmt er samkvæmt M.A.502.
- b) Opinbert afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð), sem er EASA-eyðublað nr. 1, telst vera afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir íhluti nema þegar viðhald á íhlutum loftfars hefur farið fram samkvæmt b- eða d-lið M.A.502 en þá er viðhaldið háð verklagsreglum fyrir afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) loftfars samkvæmt M.A.801.“

31) Í stað M.A.803 komi eftirfarandi:

„M.A.803 Heimild flugmanns sem er jafnframt eigandi loftfars

- a) Til að teljast flugmaður sem er jafnframt eigandi loftfars verður einstaklingurinn:
1. að vera handhafi flugmannsskírteinis (eða jafngildi þess) sem aðildarríki gefur út eða staðfestir fyrir tegundar- eða flokksáritun loftfarsins og
 2. að eiga loftfarið, annaðhvort sem einkaeigandi eða meðeigandi, og skal sá eigandi vera:
 - i. einn þeirra einstaklinga sem fram koma á skráningareyðublaðinu eða
 - ii. einn af meðlimum í samtökum sem eru lögaðili og eru ekki rekin í hagnaðarskyni ef lögaðili er tilgreindur sem eigandi í skráningarskjölum og viðkomandi einstaklingur tekur beinan þátt í ákvarðanatöku lögaðila og hefur verið falið af lögaðila að framkvæma viðhald flugmanns sem er jafnframt eigandi loftfarsins.
- b) Að því er varðar einföld, vélknúin loftför í einkaeign með 2730 kg hámarksflugtaksmassa, eða þar undir, svifflugur, vélflugur eða loftbelgi er flugmanni, sem er jafnframt eigandi loftfars, heimilt að gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir loftfarið að loknu takmörkuðu viðhaldi flugmannsins sem er jafnframt eigandi loftfarsins eins og tilgreint er í VIII. viðbæti.
- c) Skilgreina skal umfang takmarkaðs viðhalds flugmannsins sem er jafnframt eigandi loftfarsins í viðhaldsáætlun loftfarsins sem um getur í M.A.302.
- d) Færa skal afhendingarvottorðið (viðhaldsvottorðið) inn í viðhaldsskrár og skulu þar koma fram grundvallaratriði í viðhaldinu, sem fór fram, hvaða viðhaldsgögn voru notuð, hvenær viðhaldinu var lokið og nafn og undirskrift flugmannsins sem er jafnframt eigandi loftfarsins og gefur vottorðið út, svo og númer flugmannsskírteinis hans.“

32) Í stað M.A.901 komi eftirfarandi:

„M.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara

Til að tryggja að lofthæfivottorðið sé í gildi skal reglulega láta staðfesta lofthæfi loftfara og endurskoða skrár þeirra yfir áframhaldandi lofthæfi.

- a) Lofthæfistaðfestingarvottorð er gefið út í samræmi við III. viðbæti (EASA-eyðublað nr. 15a eða 15b), að lokinni fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi. Lofthæfistaðfestingarvottorðið gildir í eitt ár.

- b) Loftfar undir viðurkenndri viðhaldsstjórn er loftfar sem: i. hefur verið næstliðna 12 mánuði að staðaldri undir stjórn sama fyrirtækis, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), og ii. hefur verið viðhaldið næstliðna 12 mánuði af viðhaldsfyrirtæki sem hefur samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta). Þetta felur í sér viðhaldsverkefni sem um getur í b-lið M.A.803 og afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) skv. 2. eða 3. lið b-liðar M.A.801.
- c) Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum, undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið sem um getur í b-lið og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, ef það hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki og svo framarlega sem skilyrði í k-lið eru uppfyllt:
1. gefið út lofthæfistaðfestingavottorð í samræmi við M.A.710 og
 2. framlengt tvisvar gildistíma lofthæfistaðfestingavottorða, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn,
- d) Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum, sem eru: i. ekki undir viðurkenndri viðhaldsstjórn eða ii. áframhaldandi lofthæfi þeirra er undir stjórn fyrirtækis, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, en hefur ekki réttindi til að annast staðfestingu á lofthæfi, skal lögbæra yfirvaldið gefa út lofthæfistaðfestingavottorð að loknu fullnægjandi mati, sem byggist á tilmælum frá fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), sem fylgir umsókninni frá eigandanum eða flugrekandanum. Þessi tilmæli skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi sem fer fram í samræmi við M.A.710,
- e) Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, með 2730 kg hámarksflugtaksmassa, eða þar undir, og loftbelgi getur fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi með samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) og er skipað af eiganda eða flugrekanda, ef það hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki og svo framarlega sem skilyrðin í k-lið eru uppfyllt:
1. gefið út lofthæfistaðfestingavottorð í samræmi við M.A.710 og
 2. framlengja tvisvar um eitt ár í senn þau lofthæfistaðfestingavottorð sem það hefur gefið út ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn undir stjórn fyrirtækisins.
- f) Þrátt fyrir 2. lið c-liðar eða 2. lið e-liðar M.A.901, að því er varðar loftför sem eru undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið, sem um getur í b-lið og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, framlengt tvisvar um eitt ár í senn lofthæfistaðfestingavottorðin, sem gefin eru út af lögbæru yfirvaldi eða öðru fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), svo framarlega sem skilyrðin í k-lið eru uppfyllt,
- g) Þegar um er að ræða ELA1-loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, og falla ekki undir i-lið M.A.201, er lögbæra yfirvaldinu einnig heimilt að gefa út lofthæfistaðfestingavottorð að loknu fullnægjandi mati, sem byggist á tilmælum afhendingarvotta sem eru formlega samþykktir af lögbæra yfirvaldinu og fara að ákvæðum III. viðauka (66. hluta) sem og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í a-lið 2. liðar a-liðar M.A.707, sem fylgir umsókninni frá eigandanum eða flugrekandanum, þrátt fyrir e-lið M.A.901 og 2. lið i-liðar M.A.901. Þessi tilmæli skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi sem fer fram í samræmi við M.A.710 og skulu ekki gefin út í meira en tvö ár í röð.
- h) Ef aðstæður leiða í ljós að öryggi sé hugsanlega ógnað skal lögbæra yfirvaldið annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingavottorð.
- i) Til viðbótar við h-lið getur lögbæra yfirvaldið einnig annast staðfestingu á lofthæfi og gefið út lofthæfistaðfestingavottorð í eftirfarandi tilvikum:
1. fyrir loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, þegar loftfarið er undir stjórn fyrirtækis, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), og loftfarið er staðsett í þriðja landi,
 2. fyrir alla loftbelgi og öll önnur loftför með 2730 kg hámarksflugtaksmassa, eða þar undir, óski eigandinn eftir því.

- j) Þegar lögbæra yfirvaldið annast staðfestingu á lofthæfi og/eða gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð skal eigandinn eða flugrekandinn útvega lögbæra yfirvaldinu:

1. þau skjöl sem lögbæra yfirvaldið krefst og
2. hentugt húsnæði á viðeigandi stað fyrir starfsfólk þess og
3. þegar þörf krefur, aðstoð starfsfólks með tilskilin starfsréttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða sambærilegar kröfur sem gerðar eru til starfsfólks, eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. lið j-liðar 145.A.30 í II. viðauka (145. hluta).

- k) Hvorki er hægt að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð né heldur framlengja það ef eitthvað bendir til þess eða ástæða er til að ætla að loftfarið sé ekki lofthæft.“

- 33) Í stað a- og b-liðar M.A.904 komi eftirfarandi:

„a) Þegar loftfar er flutt inn frá þriðja landi til skráningar í loftfaraskrá aðildarríkis skal umsækjandinn:

1. sækja um að skráningaraðildarríkið gefi út nýtt lofthæfivottorð í samræmi við viðaukann (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 og
2. láta framkvæma staðfestingu á lofthæfi með fullnægjandi hætti samkvæmt M.A.901 fyrir loftför sem ekki eru ný og
3. láta framkvæma allt viðhald samkvæmt samþykktu viðhaldsáætluninni í samræmi við M.A.302.

- b) Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hefur gengið úr skugga um að loftfarið sé í samræmi við viðeigandi kröfur, ef við á, skal það senda skráningaraðildarríkinu skjalfest tilmæli um að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð.

- 34) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á M.B.301:

- i. Í b-lið komi „c-lið M.A.302“ í stað „e-lið M.A.302“,
- ii. Í d-lið komi „d-, e- og f-lið M.A.302“ í stað „c- og d-lið M.A.302“.

- 35) Í M.B.302 komi „4. mgr. 14. gr.“ í stað „3. mgr. 10. gr.“

- 36) Í stað a-liðar í M.B.613 komi eftirfarandi:

„a) Lögbæra yfirvaldið skal móta könnunaráætlun til að vakta lofthæfistöðu loftfaraflotans sem er á skrá hjá því.“

- 37) Í M.B.303 bætist eftirfarandi i-liður við:

„i) Til að auðvelda viðeigandi framfylgdaraðgerðir skulu lögbær yfirvöld skiptast á upplýsingum um þau frávik sem eru tilgreind í samræmi við h-lið.“

- 38) Í stað M.B.606 komi eftirfarandi:

„M.B.606 Breytingar

- a) Lögbæra yfirvaldið skal fara að öllum viðeigandi þáttum fyrsta samþykkisins við allar breytingar á fyrirtækinu sem tilkynna skal í samræmi við M.A.617.

- b) Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að ákveða með hvaða skilyrðum samþykkt viðhaldsfyrirtækinu er heimilt að starfa á meðan slíkar breytingar standa yfir nema það ákveði að samþykkið skuli ógilt tímabundið sökum þess hvers eðlis breytingarnar eru eða sökum umfangs þeirra.

- c) Að því er varðar allar breytingar á handbók viðhaldsfyrirtækisins gildir eftirfarandi:

1. Þegar um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum í samræmi við b-lið M.A.604 skal lögbæra yfirvaldið fullvissa sig um að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í handbókinni, séu í samræmi við kröfur samkvæmt þessum viðauka (M-hluta) áður en það tilkynnir samþykkt fyrirtækinu formlega um samþykkið.
2. Í þeim tilvikum þegar málsmeðferð við óbeint samþykki er notuð við samþykki á breytingunum í samræmi við c-lið M.A.604 skal lögbæra yfirvaldið tryggja: i. að breytingarnar verði minni háttar og ii. að það hafi nægilegt eftirlit með samþykki fyrir breytingunum til að tryggja að þær haldist í samræmi við kröfur þessa viðauka (M-hluta).“

- 39) Í stað M.B.706 komi eftirfarandi:

„M.B.706 Breytingar

- a) Lögbæra yfirvaldið skal fara að öllum viðeigandi þáttum fyrsta samþykkisins við allar breytingar á fyrirtækinu sem tilkynntar eru í samræmi við M.A.713.

- b) Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að ákveða með hvaða skilyrðum samþykkt fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, er heimilt að starfa á meðan slíkar breytingar standa yfir nema það ákveði að samþykkið skuli ógilt tímabundið sökum þess hvers eðlis breytingarnar eru eða sökum umfangs þeirra.

- c) Að því er varðar allar breytingar á starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi gildir eftirfarandi:

1. Þegar um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum í samræmi við b-lið M.A.704 skal lögbæra yfirvaldið fullvissa sig um að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í starfsemis lýsingunni, séu í samræmi við þennan viðauka (M-hluta) áður en það tilkynnir samþykkt fyrirtækinu formlega um samþykkið.
2. Í þeim tilvikum þegar málsmeðferð við óbeint samþykki er notuð fyrir samþykki á breytingunum í samræmi við c-lið M.A.704 skal lögbæra yfirvaldið tryggja: i. að breytingarnar verði minni háttar og ii. að það hafi nægilegt eftirlit með samþykki fyrir breytingunum til að tryggja að þær haldist í samræmi við kröfur þessa viðauka (M-hluta).“

- 40) Í M.B.901 komi „M.A.901“ í stað „d-lið M.A.902“.

- 41) Í stað M.B.902 komi eftirfarandi:

„M.B.902 Staðfesting lögbæra yfirvaldsins á lofthæfi

- a) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð á EASA-eyðublaði nr. 15a (III. viðbæti) skal það staðfesta lofthæfi í samræmi við M.A.710.

- b) Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki til að annast staðfestingu á lofthæfi.

1. Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, og loftför með hámarksflugtaks massa yfir 2730 kg, að loftbelgjum undanskildum, skal þetta starfsfólk hafa:

- a) a.m.k. fimm ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi og

- b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða starfsréttindi sem starfsmaður í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins (þegar III. viðauki (66. hluti) vísar til innlendra reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa og

- c) formlega þjálfun í viðhaldi loftfara og
- d) stöðu með viðeigandi ábyrgð.

Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fimm ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar b-liðar í M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 1. liðar b-liðar í M.B.902.

- 2. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, með allt að 2730 kg hámarksflugtaksmassa skal þetta starfsfólk hafa:

- a) a.m.k. þriggja ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og
- b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða starfsréttindi sem starfsmaður í viðhaldi, sem eru viðurkennd í öllum aðildarríkjum og eiga við um gerð loftfarsins (þegar III. viðauki (66. hluti) vísar til innlendra reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa og
- c) viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara og
- d) stöðu með viðeigandi ábyrgð.

Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fjögurra ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem fram koma í b-lið 2. liðar b-liðar í M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 2. liðar b-liðar í M.B.902.

- c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir allt starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, með upplýsingum um öll viðeigandi starfsréttindi ásamt samantekt á viðeigandi reynslu og þjálfun við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal hafa aðgang að viðeigandi gögnum, eins og tilgreint er í M.A.305, M.A.306 og M.A.401, við staðfestingu á lofthæfi.
- e) Þegar staðfestingu á lofthæfi hefur verið lokið á fullnægjandi hátt skal starfsfólkið sem annast staðfestingu á lofthæfi gefa út eyðublað nr. 15a.“

- 42) Í stað liðar 5.1 og 5.2 í I. viðbæti „Verksamningur um áframhaldandi lofthæfi“ komi eftirfarandi:

„5.1. Skyldur samþykktar fyrirtækisins eru:

- 1. Fyrirtækið skal sjá til þess að gildissvið samþykkis þess nái yfir viðkomandi tegund loftfars.
- 2. Fyrirtækið skal uppfylla skilyrðin fyrir því að viðhalda áframhaldandi lofthæfi loftfarsins en þau eru:
 - a) að semja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þ.m.t. allar áreiðanleikaáætlanir sem eru samdar, ef við á,
 - b) að gefa upp þau viðhaldsverkefni (í viðhaldsáætluninni) sem flugmanninum sem er jafnframt eigandi loftfarsins er heimilt að framkvæma í samræmi við c-lið M.A.803,
 - c) að sjá til þess að viðhaldsáætlun loftfarsins hljóti samþykki,
 - d) að láta eigandanum í té afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins þegar hún hefur hlotið samþykki,

- e) að sjá til þess að fram fari tengiskoðun við fyrri viðhaldsáætlun á loftfarinu til að brúa bilið yfir í kröfur samkvæmt nýju viðhaldsáætluninni,
 - f) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki annist allt viðhald,
 - g) að sjá til þess að öllum gildandi lofthæfítíðingum sé beitt,
 - h) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki lagfæri allar bilanir sem í ljós koma við reglubundið viðhald, staðfestingu á lofthæfi eða sem eigandinn tilkynnir um,
 - i) að samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfítíðinga, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og kröfur um skoðun íhluta,
 - j) að láta eigandann vita í hvert skipti sem farið skal með loftfarið til samþykks viðhaldsfyrirtækis,
 - k) að hafa umsjón með öllum tæknilegum gögnum,
 - l) að setja öll tæknileg gögn í geymslu.
3. Fyrirtækið skal sjá til þess að allar breytingar á loftfarinu samkvæmt viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar.
 4. Fyrirtækið skal sjá til þess að allar viðgerðir á loftfarinu samkvæmt viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar.
 5. Fyrirtækið skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins ef eigandinn kemur ekki með loftfarið til samþykks viðhaldsfyrirtækisins eins og samþykks fyrirtækið hefur krafist.
 6. Fyrirtækið skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins ef þessi samningur er ekki virtur.
 7. Fyrirtækið skal staðfesta lofthæfi loftfarsins, þegar þörf krefur, og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmælin til skráningaraðildarríkisins.
 8. Fyrirtækið skal senda afrit innan 10 daga af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til lögbærra yfirvalda skráningaraðildarríkisins.
 9. Fyrirtækið skal tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum.
 10. Fyrirtækið skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp.

5.2. Skyldur eiganda eru:

1. Eigandinn skal þekkja grundvallaratriði viðhaldsáætlunarinnar.
2. Eigandinn skal þekkja grundvallaratriði þessa viðauka (M-hluta).
3. Eigandinn skal fara með loftfarið til samþykks viðhaldsfyrirtækisins, sem samið var um við samþykks fyrirtækið, á þeim tíma sem samþykks fyrirtækið krefst.
4. Eigandinn skal ekki breyta loftfarinu án samráðs við samþykks fyrirtækið.
5. Eigandinn skal tilkynna samþykks fyrirtækinu um allt aukaviðhald sem er framkvæmt án vitneskju og eftirlits samþykks fyrirtækisins.

6. Eigandinn skal tilkynna samþykktu fyrirtækinu um allar bilanir, sem finnast við starfrækslu loftfarsins, með því að færa þær inn í viðhaldsskrána.
 7. Eigandinn skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp.
 8. Eigandinn skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins og samþykktu fyrirtækinu ef loftfarið er selt.
 9. Eigandinn skal tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum.
 10. Eigandinn skal reglubundið gefa samþykktu fyrirtækinu upplýsingar um flugtíma loftfarsins og öll önnur notkunargögn samkvæmt samkomulagi við samþykktu fyrirtækið.
 11. Eigandinn skal færa afhendingarvottorðið (viðhaldsvottorðið) inn í viðhaldsskránnar, eins og um getur í d-lið M.A.803, þegar flugmaður sem er jafnframt eigandi loftfars framkvæmir viðhald án þess að farið sé yfir mörk listans yfir viðhaldsverkefni líkt og tilgreint var í samþykktu viðhaldsáætluninni, sem mælt er fyrir um í c-lið M.A.803.
 12. Eigi síðar en 30 dögum eftir að flugmaður sem er jafnframt eigandi loftfars lýkur við viðhaldsverkefni í samræmi við a-lið M.A.305 verður eigandinn að tilkynna samþykktu fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, um það.“
- 43) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. lið í II. viðbæti „HVERNIG ÞEIM SEM ÚTBÝR AFHENDINGARVOTTORÐIÐ (VIÐHALDSVOTTORÐIÐ) BER AÐ Fylla það út“:
- a) Í stað áttunda undirliðar fjórðu undirgreinar í 13. reit komi eftirfarandi:

„— Yfirlýsingar varðandi afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir íhluti sem um getur í M.A.613.“
 - b) Í stað 19. reitar komi eftirfarandi:

„19. reitur Að því er varðar allt viðhald hjá viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003, skal haka í rammann „aðrar reglur sem tiltekna eru í 13. reit“ og yfirlýsingar um afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) skulu koma fram í 13. reit. Eftirfarandi yfirlýsingar um afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir íhluti, sem um getur í M.A.613, skulu koma fram í 13. reit:

„Hér með vottast að verkið, sem tilgreint er í 12. reit og lýst í þessum reit, hefur verið framkvæmt í samræmi við kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 og að hægt er að gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir einingarnar, að því er varðar það verk, nema annað sé tekið fram í þessum reit. ÞETTA ER EKKI AFHENDINGARVOTTORÐ (VIÐHALDSVOTTORÐ) SKV. II. VIÐAUKA (145. HLUTA) VIÐ REGLUGERÐ (EB) NR. 2042/2003.“

Vottunaryfirlýsingin: „nema annað sé tekið fram í þessum reit“, er ætluð til að ná yfir eftirfarandi aðstæður:

 - i. Ekki var hægt að ljúka viðhaldi.
 - ii. Vikið var frá þeim stöðum sem gerðar eru kröfur um í þessum viðauka (M-hluta).
 - iii. Viðhald var framkvæmt í samræmi við kröfu sem ekki er tiltekin í þessum viðauka (M-hluta). Í því tilviki skal tilgreina í 13. reit viðkomandi innlendar reglur.

Taka skal fram í 13. reit hvaða tilvik eða samsetning tilvika á við.“
- 44) Í stað III. viðbætis komi eftirfarandi:

„III. viðbætur

Lofthæfistaðfestingarvottorð**[AÐILDARRÍKI]**

Aðili að Flugöryggisstofnun Evrópu

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs:

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) hefur eftirfarandi fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003

[HEITI OG HEIMILISFANG SAMÞYKKTA FYRIRTÆKISINS]

Tilvísunarnúmer samþykkis: [KÓDI AÐILDARRÍKIS].MG.NNNN.

staðfest lofthæfi eftirfarandi loftfars samkvæmt M.A.710 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003:

Framleiðandi loftfars:

Einkenni framleiðanda fyrir loftfarið:

Skráning loftfars:

Raðnúmer loftfars:

og þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur:

Síðasti gildisdagur:

Undirskrift:

Númer heimildar:

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur:

Síðasti gildisdagur:

Undirskrift:

Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis:

Tilvísunarnúmer samþykkis:

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur:

Síðasti gildisdagur:

Undirskrift:

Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis:

Tilvísunarnúmer samþykkis:

[AÐILDARRÍKI]

Aðili að Flugöryggisstofnun Evrópu

LOFTHÆFISTADFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs:

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars:

Einkenni framleiðanda fyrir loftfarið:

Skráning loftfars:

Raðnúmer loftfars:

telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur:

Síðasti gildisdagur:

Undirskrift:

Númer heimildar:

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur:

Síðasti gildisdagur:

Undirskrift:

Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis:

Tilvísunarnúmer samþykkis:

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur:

Síðasti gildisdagur:

Undirskrift:

Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis:

Tilvísunarnúmer samþykkis:

45) Í stað 4. og 5. liðar í IV. viðbæti komi eftirfarandi:

- „4. Heimildir í A-flokki merkja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluta) er heimilt að annast viðhald á loftfari og íhlutum þess (þ.m.t. hreyflar og/eða aukaaflostöðvar (APU)) í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á loftfarinu. Engu að síður getur samþykkt viðhaldsfyrirtæki með heimildir í A-flokki fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutnum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir ákvæði þessa liðar. Viðhaldið verður háð því að í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem aðildarríkið getur fallist á. Í þættinum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkis.
5. Réttindi í flokki B merkja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluta) er heimilt að annast viðhald á óísettum hreyfli og/eða aukaaflostöð og íhlutum hreyfils og/eða aukaaflostöðvar í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils og/eða aukaaflostöðvar eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á hreyflinum og/eða aukaaflostöðinni. Engu að síður getur samþykkt viðhaldsfyrirtæki með heimildir í B-flokki fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutnum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir ákvæði þessarar málsgreinar. Í þættinum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkis. Viðhaldsfyrirtæki með samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar í þessum viðauka (M-hluta) og réttindi í flokki B er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum hreyfli við aðal- og leiðarviðhald, að því tilskildu að í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi. Ef aðildarríkið leyfir þessa starfsemi skal hún tiltekin undir verksviði viðhaldsfyrirtækisins í starfsemislýsingu þess.“

46) Í stað VI. viðbætis komi eftirfarandi:

„VI. viðbætur

Samþykkisvottorð fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í G-kafla í I. viðauka (M-hluta)

[AÐILDARRÍKI]

Aðili að Flugöryggisstofnun Evrópu

**FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI
SAMÞYKKISVOTTORÐ**

Tilvísun: XX.MG.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að:

[HEITI OG HEIMILISFANG FYRIRTÆKISINS]

er fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt C-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (EB) nr. 2042/2003 til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá og til að gefa út tilmæli eða lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.710 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 með eftirfarandi skilyrðum:

SKILYRÐI

1. Þetta samþykki takmarkast við það samþykki, sem tilgreint er í þættinum um gildissvið samþykkis í samþykktri starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi samkvæmt G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (EB) nr. 2042/2003.
 2. Þetta samþykki krefst þess að farið sé að þeim verklagsreglum sem tilgreindar eru í samþykktri starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003.
 3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykktu fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir kröfur samkvæmt I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003.
 4. Svo fremi skilyrði 1 til 3 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.
- Sé eyðublað þetta einnig notað fyrir handhafa flugrekandaskírteinis skal númer flugrekandaskírteinis bætt við tilvísunarnúmerið, til viðbótar við staðlaða númerið, og skulu eftirfarandi viðbótarskilyrði koma í staðinn fyrir skilyrði 4:
5. Þetta samþykki er ekki heimild til að starfrækja þær tegundir loftfara sem um getur í 1. mgr. Flugrekandaskírteinið veitir heimildina til að starfrækja loftfar.
 6. Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semur við eitt eða fleiri fyrirtæki innan ramma eigin gæðakerfis, gildir þetta samþykki áfram að því tilskildu að fyrirtækið eða fyrirtækin haldi áfram að uppfylla viðeigandi samningsskyldur.
 7. Lok á gildistíma flugrekandaskírteinis eða tímabundin ógilding eða afturköllun þess ógildir sjálfkrafa þetta samþykki í tengslum við skráningar þeirra loftfara sem tilgreindar eru í flugrekandaskírteininu nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda.
 8. Svo fremi framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning endurskoðunar:

Númer endurskoðunar:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds:

Blaðsíða ...af ...

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI**SAMÞYKKISSKRÁ**

Tilvísun: XX.MG.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Fyrirtæki: [HEITI OG HEIMILISFANG FYRIRTÆKISINS]

| Tegund/röð/hópur loftfars | Staðfesting á lofthæfi heimiluð | Fyrirtæki sem starfa samkvæmt gæðakerfi |
|---------------------------|---------------------------------|---|
| | [JÁ/NEI] | |
| | | |
| | | |
| | | |

Þessi samþykkisskrá takmarkast við gildissvið samþykkisins sem tilgreint er í G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (EB) nr. 2042/2003 í þættinum um samþykktar starfsemlýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Tilvísun fyrir starfsemlýsingu um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds:

Blaðsíða ...af ...

EASA-eyðublað nr. 14“

47) Ákvæðum VII. viðbætur er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrstu setningar komi eftirfarandi: „Eftirfarandi viðhaldsvinna fellur undir þau flóknu viðhaldsverkefni sem um getur í 3. lið d-liðar M.A.502, 2. lið b-liðar M.A.801 og c-lið M.A.801:“

b) eftirfarandi 3., 4. og 5. liður bætist við:

„3. Framkvæmd eftirfarandi viðhalds á stimpilhreyfli:

- að taka í sundur stimpilhreyfil og setja hann síðan aftur saman í öðrum tilgangi en i. að fá aðgengi að stimpli/strokksamstæðu eða ii. að fjarlægja aftari hlíf (rear accessory cover) til að skoða og/eða skipta um olíudælusamstæður, þegar slík vinna felur ekki í sér að fjarlægja innri grá og setja þá aftur í,
- að taka í sundur hraðaminnkunargír og setja hann aftur saman,
- að logsjóða og háhitalóða samskeyti, nema þegar um er að ræða minni háttar logsuðuviðgerðir á útblásturskerfi, sem viðurkenndur logsuðumaður eða logsuðumaður með tilskilin réttindi framkvæmir, en sem fela ekki í sér skipti á íhlutum,
- að raska stökum hlutum eininga, sem eru seldar sem einingar sem hafa verið prófaðar á prófunarbekk, nema þegar um er að ræða skipti eða stillingu hluta sem yfirleitt er hægt að skipta út eða stilla meðan á notkun stendur.

4. Jafnvægisstilling á skráfu, nema:
 - a) fyrir vottun um kyrrujafnvægisstillingu, þegar þess er krafist samkvæmt viðhaldshandbókinni,
 - b) fyrir hreyfijafnvægisstillingu á skráfum, sem eru í loftfari, með því að nota rafrænan jafnvægisstillingarbúnað þegar viðhaldshandbók eða önnur samþykkt lofthæfigögn heimila það.
5. Öll viðbótarverkefni sem krefjast:
 - a) sérstakra verkfæra, sérstaks búnaðar eða sérstakrar aðstöðu eða
 - b) umtalsverðrar samræmingarmálsmeðferðar vegna þess hve langan tíma verkefnin taka og vegna þess hve margir einstaklingar koma að verkefnunum.“

48) Í stað VIII. viðbætis komi eftirfarandi:

„VIII. viðbætur

Takmarkað viðhald af hálfu flugmannsins sem er jafnframt eigandi loftfarsins

Til viðbótar við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í M-hluta I. viðauka, skulu eftirfarandi grundvallarreglur uppfylltar áður en viðhaldsverkefni er framkvæmt samkvæmt skilmálum um viðhald af hálfu flugmannsins sem er jafnframt eigandi loftfarsins:

- a) Hæfni og ábyrgð
 1. Flugmaðurinn sem er jafnframt eigandi loftfarsins ber alltaf ábyrgð á hvers konar viðhaldi sem hann framkvæmir.
 2. Áður en flugmaðurinn sem er jafnframt eigandi loftfarsins framkvæmir viðhaldsverkefni flugmanns, skal hann fullvissa sig um að hann sé hæfur til að framkvæma verkefnið. Það er á ábyrgð flugmanns, sem eru jafnframt eigendur loftfara, að kynna sér sjálfir staðlað verklag við viðhald á loftfari sínu og viðhaldsáætlun loftfarsins. Ef flugmaðurinn sem er jafnframt eigandi loftfarsins er ekki hæfur til að sinna verkefninu sem á að framkvæma getur flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, ekki afhent verkefnið.
 3. Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfars (eða fyrirtækið sem hann hefur samið við um að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem um getur í G-kafla A-þáttar í þessum viðauka), ber ábyrgð á að tilgreina verkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, í samræmi við þessar grundvallarreglur í viðhaldsáætluninni og að tryggja að skjalið sé uppfært tímanlega.
 4. Samþykki á viðhaldsáætluninni verður að fara fram í samræmi við M.A.302.
- b) Verkefni

Flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfars, er heimilt að framkvæma einfaldar sjónrænar skoðanir eða aðgerðir til að athuga almennt ástand og augljósar skemmdir og hvort flugskrokkurinn, hreyflar, kerfi og íhlutar starfi með eðlilegum hætti.

Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfars, skal ekki framkvæma viðhaldsverkefni ef verkefnið:

1. er mikilvægt að því er varðar öryggi og hefur veruleg áhrif á lofthæfi loftfarsins ef það er framkvæmt á rangan hátt, eða er viðhaldsverkefni sem tengist flugöryggi eins og tilgreint er í a-lið M.A.402 og/eða
2. krefst þess að mikilvægir íhlutir eða samstæður séu fjarlægðar og/eða
3. fer fram í samræmi við lofthæfitilskipun eða lið um lofthæfitakmarkanir nema það sé sérstaklega leyft í lofthæfitilskipuninni eða í lið um lofthæfitakmarkanir og/eða
4. krefst þess að notuð séu sérstök verkfæri, kvörðuð verkfæri (nema skráflyklar með átaksmæli og verkfæri til kreistitenginga) og/eða
5. krefst notkunar prófunarbúnaðar eða sérstakra prófana (t.d. prófana án eyðileggingar (NDT), kerfisprófana eða virkniprófana á rafeindabúnaði loftfara) og/eða

6. samanstendur af hvers konar ófyrirsedum sérskoðunum (t.d. skoðun á loftfari eftir harkalega landingu) og/eða
7. hefur áhrif á kerfi sem eru mikilvæg fyrir blindflug og/eða
8. er skráð í VIII. viðbæti eða er viðhaldsverkefni á íhlut í samræmi við M.A.502.

Leiðbeiningar sem eru ekki eins takmarkandi og eru gefnar út í samræmi við „d-lið M.A.302 Viðhaldsáætlun“ geta ekki ógilt viðmiðanir 1 til 8 sem taldar eru upp hér að framan.

Öll verkefni sem lýst er í flughandbók loftfarsins sem undirbúningi fyrir flug (Dæmi: samsetning á vængjum svifflugum eða fyrirflugsverkefni) teljast verkefni flugmanns og teljast ekki viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars og því er afhendingarvottorðs (viðhaldsvottorðs) ekki krafist.

- c) Framkvæmd viðhaldsverkefna flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, og skrár

Þau viðhaldsgögn sem tilgreind eru í lið M.A.401 skulu alltaf vera tiltæk meðan viðhald flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, fer fram og skal farið eftir þeim. Upplýsingar um gögnin sem stuðst er við þegar viðhald flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, fer fram skal vera að finna í afhendingarvottorði (viðhaldsvottorði) í samræmi við d-lið M.A.803.

Eigi síðar en 30 dögum eftir að flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, lýkur við viðhaldsverkefni í samræmi við a-lið M.A.305 verður flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, að tilkynna samþykktu fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins (ef við á), um það.“

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (EB) nr. 2042/2003:

- 1) Í stað a-liðar í M.A.202 komi eftirfarandi:

„a) Afhendingarvottar með viðeigandi vottunarheimild skulu gefa út afhendingarvottorð (viðhaldsvottorð) fyrir hönd fyrirtækisins þegar þeir hafa gengið úr skugga um að fyrirtækið hafi framkvæmt allt viðhald, sem beðið hefur verið um, í samræmi við verklagsreglur sem tilgreindar eru í lið 145.A.70, með hliðsjón af aðgengi að og notkun viðhaldsgagnanna, sem tilgreind eru í lið 145.A.45, og því að engin atriði séu kunn sem eru ekki í samræmi við kröfur og gætu stofnað flugöryggi í hættu.“

- 2) Í stað 4. og 5. liðar í II. viðbæti „Flokka- og réttindakerfi fyrir samþykki fyrirtækja“ komi eftirfarandi:

„4. Réttindi í flokki A merkja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) er heimilt að annast viðhald á loftfari og íhlutum þess (þ.m.t. hreyflar og/eða aukaafstöðvar (APU)) í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á loftfarinu. Engu að síður getur viðhaldsfyrirtæki með heimildir í A-flokki, sem hefur samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutnum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir ákvæði þessa liðar. Viðhaldið verður háð því að í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem aðildarríkið getur fallist á. Í þættinum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkis.

5. Réttindi í flokki B merkja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta er heimilt að annast viðhald á óísettum hreyfli og/eða aukaafstöð og íhlutum hreyfils og/eða aukaafstöðvar í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils og/eða aukaafstöðvar eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á hreyflinum og/eða aukaafstöðinni. Engu að síður getur viðhaldsfyrirtæki með heimildir í B-flokki, sem hefur hlotið samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutnum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir ákvæði þessarar málsgreinar. Í þættinum um takmarkanir er tilgreint umfang slíks viðhalds og þar með umfang samþykkis. Viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) og með réttindi í flokki B er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum hreyfli við aðal- og leiðarviðhald, að því tilskildu að í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi. Ef aðildarríkið leyfir þessa starfsemi skal hún tiltekin undir verksviði viðhaldsfyrirtækisins í starfsemislýsingu þess.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1057/2008**2009/EES/54/13****frá 27. október 2008****um breytingu á II. viðbæti við viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 varðandi lofthæfistaðfestingarvottorðið (EASA-eyðublað nr. 15a) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

Með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EEB, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði ⁽²⁾ hefur verið breytt með reglugerð (EB) nr. 1056/2008 ⁽³⁾.
- 2) Skipta skal út lofthæfistaðfestingarvottorðinu, sem sett er fram í II. viðbæti við viðaukann í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi

framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja ⁽⁴⁾, til að endurspegla breytingarnar sem gerðar hafa verið á reglugerð (EB) nr. 2042/2003.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álit sem Flugöryggisstofnunin ⁽⁵⁾ gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðbætis (Lofthæfistaðfestingarvottorð (Airworthiness Review Certificate), EASA-eyðublað nr. 15a) í viðaukanum (21. hluta) við reglugerð (EB) nr. 1702/2003 komi textinn sem settur er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 29.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 315, 28.11.2003, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 283, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

⁽⁵⁾ Álit nr. 02/2008.

VIDAUKI

„II. viðbætur

Lofthæfistaðfestingarvottorð

[AÐILDARRÍKI]

Aðili að Flugöryggisstofnun Evrópu

LOFTHÆFISTADFESTINGARVOTTORÐ

Tilvísunarnúmer vottorðs:

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars:

Einkenni framleiðanda fyrir loftfarið:

Skráning loftfars:

Raðnúmer loftfars:

telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: Tilvísunarnúmer samþykkis:

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2042/2003. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Undirskrift: Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: Tilvísunarnúmer samþykkis: